FRÉTTABLAÐIÐ

14. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 21. JANÚAR 2021



Joe Biden sór embættiseið í gær og varð 46. forseti Bandaríkjanna. Kamala Harris er fyrsta konan til að gegna embætti varaforseta. Við hlið Bidens var Jill Biden forsetafrú, dóttir hans Ashley og sonurinn Hunter. „Þetta er dagur sögu og vonar, dagur endurnýjunar og seiglu," sagði Biden, lagði hann mikla áherslu á sameiningu þjóðarinnar. Sjá síðu 6 FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Langflest ráðuneytin blásið út

Mikil útgjaldahækkun og breyting í áherslum hefur orðið í fjármálum ríkisins frá hruni samkvæmt tölum Stjórnarráðsins. Hækkun má sjá hjá flestum ráðuneytum, tvö skera sig úr með mestu aukninguna.

STJÓRNSÝSLA Umtalsverð útgjaldahækkun og breyting í áherslum hefur orðið í fjármálum ríkisins frá hruni samkvæmt tölum Stjórnarráðsins.

Stærsta breytingin er hækkuð útgjöld til velferðarmála, heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytanna, upp á 154 milljarða á föstu verðlagi árin 2007 til 2020. Gerir það rúmlega 46 prósenta hækkun til málaflokkanna. Alls hafa útgjöld ráðuneyta og stofnana aukist um nærri 30 prósent og hefur hækkunin orðið á undanförnum fimm árum.

» Mest er hækkunin hjá fjármálaráðuneytnu og umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.

Tugprósenta hækkun má sjá hjá flestum ráðuneytum. 25 prósent hjá forsætisráðuneytinu, 26 hjá menntamálaráðuneytinu og 37,5 hjá dómsmála- og samgönguráðuneytunum. Heildarútgjöld þessara ráðuneyta eru þó lítil miðað við ráðuneyti velferðarmála.

Tvö ráðuneyti skera sig úr með langsamlega mestu aukninguna. Annars vegar er það fjármálaráðuneytið, þar sem útgjöld hafa hækkað um tæp 66 prósent á tímabilinu. Skýrist það þó að stórum hluta af gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga og niðurfærslu á eignarhlutum og hlutafé á einu ári, 2016.

Hins vegar er það umhverfis- og auðlindaráðuneytið þar sem framlög nærri tvöfaldast, hækkun upp á 98,4 prósent. Á tímabilinu hafa þó mörg verkefni verið flutt yfir til ráðuneytisins, aðallega frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytunum, þar sem útgjöld lækka samanlagt um 8 prósent.

Framlög til utanríkisráðuneytisins hafa dregist saman um 2 prósent þrátt fyrir að framlög til varnarmála hafi aukist um 25 prósent og til þróunarsamvinnu um 53. Á tímabilinu hefur sendiráðum verið í heildina fækkað um fjögur.

Tæplega 37 prósenta hækkun hefur verið til æðstu stjórnar ríkisins. Vaxtagjöld hafa hækkað um tæp 13 prósent. – khg / sjá síðu 6

Fagna áformum um vímuefni

STJÓRNMÁL Björn Leví Gunnarsson, þingmaður Pírata, fagnar áformum Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra um afglæpavæðingu neysluskammta af vímuefnum. Áformað er að lögregla geti ekki gert vímuefni til einkanota upptæk hjá fullorðnum.

Ólafur Þór Gunnarsson

Ólafur Þór Gunnarsson, þingmaður Vinstri grænna, vill að málið verði klárað á þessu þingi. Hann óttast ekki að vímuefni verði meira áberandi við afglæpavæðingu.

– khg / sjá síðu 6

Skíðasvæðinu á Siglufirðihefur nú verið lokað um ókveðinn tíma.

Snjóflóðið var ekki óvænt

NÁTTÚRUVÁ Viðbúnaðarstig vegna snjóflóðahættu á Norðurlandi hefur verið hækkað og reitur syðst á Siglufirði rýmdur.

„Með nýrri rýmingaráætlun frá því í haust er gert ráð fyrir að það verði rýmt oftar í suðurhluta Siglufjarðar. Unnið er að nýju hættumati fyrir byggðina á Siglufirði eftir snjóflóðin á Flateyri fyrir ári síðan. Annað form er á hættumati fyrir skíðasvæði," segir Tómas Jóhannesson, sérfræðingur í ofanflóðamálum hjá Veðurstofu Íslands.

Snjóflóð féll á skíðasvæðið í Skarðsdal á Siglufirði í gærmorgun en svæðið var mannlaust er flóðið féll.

„Þetta flóð sýnir okkur hversu mikilvægt er að bæta öryggi á svæðinu," segir Tómas.

„Snjóflóðið var ekki óvænt. Skíðasvæðið á Siglufirði er óheppilega staðsett. Þar hafa áður fallið snjóflóð og valdið tjóni. Undirbúningur er hafinn að því að flytja skíðasvæðið þar sem hættan er yfir mörkum." **– khg**

Tólf milljónir í dreifbýlisbúðir

VERSLUN Þrjár verslanir á landsbyggðinni skipta með sér tólf milljóna króna ríkisstyrk.

„Markmið með framlögunum er að styðja verslun í skilgreindu strjálbýli fjarri stórum þjónustukjörnum, þar sem verslun hefur átt erfitt uppdráttar. Framlögin eiga að bæta rekstur verslana og skjóta frekari stoðum undir hann, til dæmis með samspili við aðra þjónustu, breyttri uppsetningu í verslunum og bættri aðkomu," segir í frétt um styrkveitinguna á vef Stjórnarráðsins.

Alls bárust fimm umsóknir um samtals 34,8 milljónir króna. Þriggja manna valnefnd lagði til að Hríseyjarbúðin hlyti eina milljón króna, Verslun á Reykhólum fengi 5,8 milljónir vegna stofnkostnaðar við opnun og rekstur og að verslunin Kauptún á Vopnafirði fengi 5,2 milljónir. Var þetta staðfest af Sigurði Inga Jóhannssyni, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. **– gar**

Skoðuðu muni úr fjörunni

Hrafn Jökulsson sýnir Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra muni sem hann fann við hreinsun Kolgrafarvíkur í Árneshreppi á Ströndum í fyrravor. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, skoðuðu gripina einnig. Munirnir eru nú á sýningu á Geirsgötu og stendur hún fram á sunnudag. Unnið er að því að finna varanlegt húsnæði fyrir fjörusýninguna. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ný vefsíða um bólusetningar komin í loftið

COVID-19 Embætti landlæknis hefur opnað nýja vefsíðu þar sem haldið er utan um tölulegar upplýsingar tengdar bólusetningum, boluefni.is. Í gær höfðu 480 einstaklingar hérlendis lokið við að fá bólusetningu fyrir kórónaveirunni og fengið báðar sprauturnar. Þá hafa 5.725 Íslendingar fengið fyrri sprautuna frá Pfizer/BioNTech eða Moderna. Óvissa er um hvenær næstu skammtar berast til landsins.

» Í gær höfðu 480 einstaklingar hér á landi lokið við bólusetningu.

Tveir greindust með COVID-19 innanlands í fyrradag, annar utan sóttkvíar. 116 eru í einangrun með virkt smit á landinu. Þá fjölgaði í hópi þeirra sem eru í sóttkví en 247 manns voru í sóttkví í gær miðað við 149 einstaklinga daginn á undan. **– mhj**

Úthýsa Airbnb úr Þingvallaþjóðgarði

Þingvallanefnd hefur sett skýrt ákvæði í lóðaleigusamninga sína fyrir næstu tíu ár. Sumarhúsaeigendur fá ekki leyfi til að leigja bústaði sína í gegnum Airbnb eða aðrar sambærilegar leigur. Lausaganga hunda er einnig bönnuð.

ÞINGVELLIR „Með þessu erum við að skýra betur það sem var í eldri lóðaleigusamningi," segir Einar Á. E. Sæmundsen, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum, en Þingvallanefnd samþykkti á síðasta fundi sínum í desember að sumarhúsaeigendur innan þjóðgarðsins mættu ekki leigja húsin sín í gegnum airbnb, eða aðrar sambærilegar leigur. Um 70 sumarhús eru innan þjóðgarðsins og hafði nefndin fengið nokkrar fyrirspurnir frá sumarbústaðaeigendum sem vildu fá að setja húsin sín á slíkar síður.

Síðasti samningur var gerður við lóðahafa fyrir áratug og síðan hefur margt breyst þegar kemur að ferðamönnum og leigu á húsnæði, svo nefndin setti ákvæðið inn. „Í síðasta samningi stóð að það ætti ekki að vera með atvinnurekstur á lóðunum. Þeir samningar voru gerðir fyrir áratug og það hefur mikið vatn runnið til sjávar síðan og allar þessar síður verða til. Við vildum setja þetta skýrt inn þannig að það væri ekki neinn vafi."

Einhverjir sumarbústaðaeigendur töldu að þetta ákvæði félli ekki undir rekstur svo nefndin ákvað að hafa þetta eins skýrt og hægt væri. Auðvelt er að leigja sumarbústaði um allt land og við óformlega skoðun á airbnb, bungalo.com og álíka síðum má finna einn bústað innan þjóðgarðsins en töluvert marga í og við Þingvelli. Hægt var að hafa góðar tekjur af því að leigja bústaðina sína þó að nágrannarnir væru ekki alltaf sáttir við að þessi eða hinn væru að valsa um á lóðinni.

„Þetta getur reynt á í samskiptum fólks þegar eru nýir og nýir leigjendur eða nýir aðilar eru að koma. Nágrannar geta orðið þreyttir á því

Þingvellir eru vinsæll staður til að fara í sumarbústað en 70 bústaðir eru innan þjóðgarðsins. Ekki má leigja þá út gegnum Airbnb. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> **Þeir samningar voru gerðir fyrir áratug og það hefur mikið vatn runnið til sjávar síðan og allar þessar síður verða til. Við vildum setja þetta skýrt inn þannig það væri ekki neinn vafi.**

Einar Á. E. Sæmundsen, þjóðgarðsvörður

þó það hafi ekki reynt á það hér innan þjóðgarðsins því við höfum ekki leyft það," segir Einar.

Hann segir að þó að ákvæðið sé orðið skýrt og augljóst muni hann ekki sitja á kvöldin yfir tölvunni og leita að bústöðum sem eru til leigu. „Við erum ekki að fara í neinn leynilögregluleik. Við treystum lóðahöfum til að fara eftir þessu enda er þetta kristaltært núna í lóðasamningum."

benediktboas@frettabladid.is

Úr nýjum lóðaleigusamningi

Lóðin er leigð undir frístundahús, en ekki undir atvinnutengda starfsemi, hverju nafni sem nefnist, þ.m.t. Airbnb útleigu eða aðra sambærilega leigu til skemmri eða lengri tíma til heilsársbúsetu eða til annarra nota.

HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Skoðaðu öll tilboðin á husa.is

Tilboðin gilda líka í vefverslun

ÚTSALA

Lýkur um helgina

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

blómaval

Bóndadagsvöndurinn

Bóndadagurinn er á morgun, pantaðu á blomaval.is

Margir litir í boði.

4.990kr

~~6.990kr~~

Að færa sálfræðinga inn í skólana kallar á aukinn kostnað

REYKJAVÍK Meirihlutinn í borgarstjórn tók ekki afstöðu til þess hvort færa ætti skólasálfræðinga inn í grunnskólana og frá þjónustumiðstöðvum hverfanna.

Tillaga Kolbrúnar Baldursdóttur, borgarfulltrúa Flokks fólksins, þess efnis á fundi borgarstjórnar á þriðjudag var send í sérstakan stýrihóp sem Kolbrún telur að muni „svæfa“ málið. Kolbrún sem starfaði sem skólasálfræðingur í áratug bendir á að metfjöldi, eða 837 börn í Reykjavík, bíði nú ýmist eftir fyrstu eða frekari þjónustu og þá helst eftir þjónustu skólasálfræðinga.

Hún telur að með því að staðsetja skólasálfræðinga inni í skólunum megi koma í veg fyrir að svo langir biðlistar skapist. Magnús Þór Jónsson, skólastjóri Seljaskóla og fulltrúi skólastjórnenda í Skóla- og frístundaráði, segir aðkomu skólasálfræðinga að litlu leyti í beinni tengingu við nemendur og það sem beinlínis sé að gerast í skólanum sjálfum og telur að þeir eigi að fá aðsetur innan skólasamfélagins.

» 837 börn í Reykjavík bíða nú eftir sálfræðiþjónustu.

Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður velferðarráðs, segir ekkert útilokað en að þessu sé þó ekki stefnt. Núna sé unnið að því að efla sálfræði-, frístunda- og skólastuðning við börn og foreldra í hverfamiðstöðvunum og gera þjónustuna heildrænni. Færsla sálfræðinganna inn í skólana myndi þá líklegast kalla á ráðningar og aukinn kostnað. **– Ib**

FRÉTTABLAÐIÐ
Meira á frettabladid.is

Segir hækkun útgjalda mikið áhyggjuefni

STJÓRNMÁL „Mér finnst þetta verulegt áhyggjuefni,“ segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins, um útgjaldahækkun hins opinbera frá árinu 2007 til 2020. „Eftir að faraldurinn hófst hefur lítið verið rætt um þetta. Það er við því að búast að hækkunin sé mest á þeim sviðum sem útgjöldin eru mest, en þá þurfum við að líta til þess hvernig fjármagnið er nýtt, það er ekki nýtt nógu vel að mínu mati.“

Þetta snýst ekki lengur um að fara vel með fé skattgreiðenda.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins.

Áður en faraldurinn hófst auglýsti Miðflokkurinn eftir ábendingum frá almenningi um hvernig mætti spara í útgjöldum hins opinbera. Sigmundur segir að búið hafi verið að safna saman hundruðum athugasemda.

Hann segir það áhyggjuefni þegar stofnað sé til útgjalda án þess að verðmætasköpun standi undir því. „Ég vona að við lok kjörtímabilsins náist umræða um þessi mál. Þetta snýst ekki lengur um að fara vel með fé skattgreiðenda heldur hefur þetta neyðarástand í efnahagsmálum sýnt okkur að ríkið hefur ekki efni á að spreða peningum,“ segir Sigmundur. **– ab**

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið
Fáðu fréttablað dagsins í tölvupósti kl. 3.00 á morgnana. Skráðu þig á póstlista blaðsins á www.frettabladid.is#nyskraning Það kostar ekkert.

Segir áform ráðherra afritun af nýlega felldu frumvarpi

Samkvæmt áformum Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra verður varsla neysluskammta fíkniefna ekki lengur ólögleg. Þingmaður Pírata segir engan mun á þeim og frumvarpi sem fellt var í sumar, áformin líti þó vel út. Þingmaður Miðflokks segir refsingar nú þegar linar, setja þurfi hlutina í samhengi.

HEILBRIGÐISMÁL Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra hefur lagt fram áform að frumvarpi um afglæpavæðingu neysluskammta. Samkvæmt því verður varslan ekki refsiverð og mun lögregla ekki geta gert efni til einkanota upptækt hjá fullorðnum.

Björn Leví Gunnarsson, þingmaður Pírata, segist fagna áformum Svandísar „á síðasta degi framlagningar“. Hafi hann og þingflokkurinn búist við að sjá þetta koma fram fyrr.

Píratar lögðu fram frumvarp um afglæpavæðingu í sumar eftir heitar umræður þar sem þung orð voru látin falla. Málið var fellt með 28 atkvæðum stjórnarliða og Miðflokks gegn 18, þrátt fyrir að afglæpavæðingu mætti finna í stjórnarsáttmálanum og yfirlýstum stefnum Vinstri grænna og Sjálfstæðisflokks.

„Þetta er copy-paste frá okkur. Lítur bara mjög vel út,“ segir Björn Leví um þau áform sem finna má í samráðsgátt stjórnvalda. Segir hann öruggt að þingflokkur Pírata muni styðja frumvarpið.

„Þetta er mannréttindamál sem snýst um að fólk sem þarf á heilbrigðisþjónustu að halda sé ekki lengur skilgreint sem glæpamenn,“ segir hann um hvers vegna málið skipti Pírata miklu máli. Hann telur víst að lagabreytingarnar, gangi þær eftir, verði stór breyting fyrir þann hóp sem ánetjast hefur fíkniefnum.

Þorsteinn Sæmundsson, þingmaður Miðflokksins, segist ætla að bíða og sjá hvernig frumvarpið muni á endanum líta út áður en hann tekur afstöðu til þess. Þorsteinn var fjarverandi í atkvæðagreiðslunni í sumar en hefur í fjölmiðlum varað við þessari leið. Ekki megi verða viðurkennt að fólk gangi með ólögleg efni á sér og neysluskammtar gætu hæglega verið ætlaðir til sölu.

Almennt hefur verið litið á neysluskammta sem skammta sem sektir allt að 75 þúsund krónum liggi við. Það á við skammta allt upp í grömm af kannabis, 2,5 grömm af amfetamíni eða 1 gramm af kókaíni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

„Þegar sambærilegt mál var síðast rætt í þinginu benti ég á að sektin fyrir að vera tekinn með neysluskammt væri eins og að vera tekinn á 110 kílómetra hraða uppi á Kjalarnesi,“ segir Þorsteinn. „Ég veit ekki hvort það sé einhver glæpavæðing. Það þarf að skoða þetta allt í samhengi.“

Neysluskammtur hefur ekki verið skilgreindur í lögum en samkvæmt áformum ráðherra verður hann skilgreindur með reglugerð. Hingað til hefur verið talið að neysluskammtur sé það sem liggi sektir allt að 75 þúsund krónum við. Þetta getur verið allt að 6 grömm af kannabisefnum, 2,5 grömm af amfetamíni og 1 gramm af kókaíni.

Þetta er copy-paste frá okkur. Lítur bara mjög vel út.

Björn Leví Gunnarsson, þingmaður Pírata

Ólafur Þór Gunnarsson, þingmaður Vinstri grænna, var meðflutningsmaður að frumvarpi Pírata en sat hjá við atkvæðagreiðslu málsins í þinginu. „Það var meðal annars vegna þess að það var ekki komin nein reynsla á nýsamþykkt lög um neyslurými.

Ég held að ef við fáum frumvarp núna þá eigum við að freista þess að klára það á þessu þingi.“ Þá sé áformað að skilgreina betur neysluskammta. „Ég held að það muni skipta máli, bæði upp á skýrleika og upp á að réttarstaða með tilliti til vörslu efna verður miklu skýrari.“

Hann óttast ekki að vímuefni verði meira áberandi við afglæpavæðingu. „Með því að horfast í augu við vandann með þessum hætti þá eigum við miklu betri tækifæri en ella til að koma til móts við fólk með vímuefnavanda og hjálpa því.“

kristinnhaukur@frettabladid.is

ISBAND UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

Allt að 80% lán | Ástandsskoðun | Fjármögnun á staðnum

ALLT AÐ 700.000 kr. AFSLÁTTUR!

TILBOÐ

Á VÖLDUM BÍLUM Í JANÚAR

AFSLÁTTUR **700.000 KR.**

NISSAN X-Trail Tekna 4wd
Nýskr. 05/19, ekinn 53 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 5.990.000 kr.

TILBOÐSVERÐ! 5.290.000 kr.

62.605 kr. *á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR **400.000 KR.**

TOYOTA Auris Wagon Live
Nýskr. 05/15, ekinn 68 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð 1.690.000 kr.

TILBOÐSVERÐ! 1.290.000 kr.

15.541 kr. *á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR **400.000 KR.**



HYUNDAI i30 Comfort
Nýskr. 03/18 ekinn 86 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð 2.890.000. kr.

TILBOÐSVERÐ! 2.490.000 kr.

29.660 kr. *á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR **500.000 KR.**

SSANGYONG Tivoli HLX 4x4
Nýskr. 04/17, ekinn 48 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 2.490.000 kr.

TILBOÐSVERÐ! 1.990.000 kr.

23.777 kr. *á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR **400.000 KR.**

RENAULT Captur Intens
Nýskr. 08/17, ekinn 37 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð 2.490.000 kr.

TILBOÐSVERÐ! 2.090.000 kr.

24.954 kr. *á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR **300.000 KR.**

NISSAN Juke Acenta Plus 4wd
Nýskr. 05/18, ekinn 101 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð 2.590.000 kr.

TILBOÐSVERÐ! 2.290.000 kr.

27.307 kr. *á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR **400.000 KR.**

DACIA Duster 4x4
Nýskr. 06/16, ekinn 59 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð 2.490.000 kr.

TILBOÐSVERÐ! 2.090.000 kr.

24.954 kr. *á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR **500.000 KR.**

SKODA Octavia Combi 4x4
Nýskr. 02/18, ekinn 82 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 3.590.000 kr.

TILBOÐSVERÐ! 3.090.000 kr.

36.720 kr. *á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR **500.000 KR.**

HYUNDAI Santa Fe III Comfor
Nýskr. 06/16, ekinn 68 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 4.390.000 kr.

TILBOÐSVERÐ! 3.890.000 kr.

46.133 kr. *á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR **400.000 KR.**

RENAULT Megane Zen Sport Tourer
Nýskr. 07/17, ekinn 83 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð 2.290.000 kr.

TILBOÐSVERÐ! 1.890.000 kr.

22.600 kr. *á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR **600.000 KR.**

SUBARU Forester Premium
Nýskr. 05/18, ekinn 123 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð 3.590.000 kr.

TILBOÐSVERÐ! 2.990.000 kr.

35.543 kr. *á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR **400.000 KR.**



RENAULT Clio Intens
Nýskr. 10/19, ekinn 7 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð 2.690.000 kr.

TILBOÐSVERÐ! 2.290.000 kr.

27.307 kr. *á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR **500.000 KR.**



FORD C-Max Titanium
Nýskr. 06/17, ekinn 44 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð 2.990.000 kr.

TILBOÐSVERÐ! 2.490.000 kr.

29.660 kr. *á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR **300.000 KR.**

HYUNDAI i10 Comfort
Nýskr. 08/15, ekinn 53 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð 1.090.000 kr.

TILBOÐSVERÐ! 790.000 kr.

9.658 kr. *á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR **300.000 KR.**



NISSAN Micra Tekna
Nýskr. 09/18, ekinn 29 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð 2.590.000 kr.

TILBOÐSVERÐ! 2.290.000 kr.

27.307 kr. *á mán. m.v. 20% útborgun.**

Við erum í spjallfæri á **www.bilaland.is**

Við trúum á **traust** og **áreiðanleika** í bílaviðskiptum.
Bílarnir okkar eru yfirfarnir og ástandsskoðaðir.

Opnunartímar:
Mánudaga 10-18, þriðjud.–fimmtud. 9-18
föstudaga 9-17, laugardaga 12-16

Bílaland – Kletthálsi 11 – 110 Reykjavík
Hyundai notaðir bílar – Kauptúni 1 – 210 Garðabæ
Sími 525 8000 – bilaland@bilaland.is

bílaland

www.facebook.com/bilaland.is

Lykill

*Mánaðargreiðsla er samkvæmt reiknivél á lykill.is og eru viðskiptavinir hvattir til að kynna sér lánaskilmálana á heimasíðunni lykill.is.
Árlegur hlutfallslegur kostnaður bílalána frá lykill.is er breytilegur og kjör lána miðast við vaxtatöflu og gjaldskrá félagsins á hverjum tíma.

ENNEMM / SÍA / NM004121

Hefur verið nánast matarlaus á Íslandi svo vikum skiptir

REYKJAVÍK „Ég hef ekki efni á því að kaupa mat eða borga leigu," segir Marian Craciun. Hann flutti til Íslands vegna vinnu sem honum bauðst hér á landi og hefur búið á Íslandi í fjögur ár. Marian missti vinnuna þegar kórónaveirufaraldurinn skall á. Hann á ekki rétt á atvinnuleysisbótum en var tjáð að hann ætti rétt á fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg.

„Þegar ég svo sæki um það er mér sagt að ég eigi engan rétt, ég hef því verið nánast matarlaus svo vikum skiptir og get ekki borgað af íbúðinni. Ég kemst ekki einu sinni aftur til Rúmeníu," segir Marian. Hann segir sér hafa verið tjáð að ástæða þess að honum væri neitað um fjárhagsaðstoð væri að hann sé kvæntur í Rúmeníu. „Málið er bara það að ég er ekki kvæntur í Rúmeníu, ég er skilinn. En enginn virðist hafa tíma eða áhuga á því að kanna málið frekar," segir hann.

Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, upplýsingafulltrúi hjá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar, segist ekki þekkja mál Marian en segir gagnkvæma framfærsluskyldu vera hjá hjónum. „Ráðgjafar á þjónustumiðstöðvum leggja áherslu á að skoða hvert mál fyrir sig og meta hvaða leiðir eru færar í aðstoð. Þær ástæður sem geta legið að baki því að einstaklingi sé synjað um fjárhagsaðstoð eru ef viðkomandi uppfyllir ekki skilyrði, til dæmis vegna tekna, eigna og hjúskaparstöðu."

> **Ég hef verið nánast matarlaus svo vikum skiptir og get ekki borgað af íbúðinni.**
>
> Marian Craciun

Þá segir Hólmfríður umsóknum um fjárhagsaðstoð hafa fjölgað mikið á undanförnum mánuðum. Í nóvember á síðasta ári hlutu í heild 1.367 einstaklingar fjárhagsaðstoð frá borginni. 553 voru með erlent ríkisfang og 814 með íslenskt ríkisfang. Í sama mánuði árið 2019 hlutu 1.114 einstaklingar fjárhagsaðstoð.

Hlutfall einstaklinga sem hljóta fjárhagsaðstoð til framfærslu og eru með erlent ríkisfang hefur farið ört hækkandi og var í september, október og nóvember á síðasta ári 40 prósent, miðað við um 30 prósent í sömu mánuðum ári fyrr og 24 prósent í janúar 2019. **– bdj**

Íbúar eru flestir sáttir.

Telja ákvarðanir lýðræðislegar

GARÐABÆR Átta af hverjum tíu Garðbæingum telja að ákvarðanir við stjórn bæjarins séu teknar með lýðræðislegum hætti. Þetta kemur fram í niðurstöðum könnunar Maskínu sem gerð var fyrir Garðabæjarlistann. Tæp tuttugu prósent telja ákvarðanir teknar með ólýðræðislegum hætti.

Könnunin var gerð 20. nóvember til 15. desember í fyrra, 424 bæjarbúar svöruðu. Tæp 11 prósent telja ákvarðanir teknar með mjög lýðræðislegum hætti, 38 prósent frekar lýðræðislegum og 31 prósent í meðallagi. 6,5 prósent telja ákvarðanir teknar með mjög ólýðræðislegum hætti. **– ab**

Vilja hætta með flugelda vegna mengunar

UMHVERFISMÁL Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs hvetur Björgunarfélag Hornafjarðar og starfsmenn Vatnajökulsþjóðgarðs til að taka höndum saman og finna umhverfisvænni leiðir en flugeldasýningar til að efna til þess háttar viðburða við Jökulsárlón í framtíðinni.

Óskað hafði verið eftir leyfi fyrir flugeldasýningum við Jökulsárlón fimm ár fram í tímann en stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs leggst gegn því og veitir því aðeins leyfi fyrir þetta ár og það næsta.

Þá er vakin er athygli á skýrslu nokkurra ráðherra í bókun stjórnar þjóðgarðsins um hvernig megi draga úr neikvæðum áhrifum. **– gar**

Mikil áhersla á sameiningu þegar Biden og Harris tóku við

Innsetningarathöfn Joes Biden og Kamala Harris fór fram í gær og var hún heldur fámenn vegna COVID-19. Meðal viðstaddra voru fyrrverandi forsetar Bandaríkjanna en Donald Trump var þó ekki þeirra á meðal. Næstu daga munu Biden og Harris hefjast handa af fullum krafti en þeirra bíða ýmis verkefni.

BANDARÍKIN Joe Biden og Kamala Harris sóru embættiseið í Washington-borg í gær. Biden er því formlega orðinn 46. forseti Bandaríkjanna og Harris 49. varaforseti Bandaríkjanna.

Biden er elsti forseti sögunnar til að taka við embættinu, 78 ára að aldri. Harris er fyrsti kvenkyns varaforseti sögunnar, auk þess sem hún er fyrsta svarta konan og fyrsta konan af asískum ættum til að gegna embættinu.

Innsetningarathöfnin var heldur fámenn vegna heimsfaraldursins auk þess sem mikil öryggisgæsla var á svæðinu þar sem óttast var að óeirðir myndu brjótast út eftir átökin við þinghúsið fyrr í mánuðinum. Til þess kom þó ekki og gekk allt eðlilega fyrir sig.

„Þetta er dagur sögu og vonar, dagur endurnýjunar og seiglu," sagði Biden í fyrstu ræðu sinni sem forseti en hann lagði þar mikla áherslu á sameiningu.

Þá sagði hann það vera mikilvægt að horfa til framtíðarinnar og vísaði þar til klofnings innan Bandaríkjanna, heimsfaraldurs COVID-19, kerfislægs ójafnréttis, loftslagsbreytinga og stöðu Bandaríkjanna á heimsvísu.

„Nú er tíminn fyrir dirfsku, því það er svo mikið sem við eigum enn eftir að gera. Við verðum metin, þú og ég, fyrir það hvernig við leysum þessar endalausu krísur okkar tíma," sagði Biden en hann sagðist fullviss um að næsti kafli bandarískrar sögu yrði stórfenglegur.

Meðal viðstaddra þegar athöfnin fór fram voru fjölskyldumeðlimir Bidens og Harris, fyrrverandi forsetar Bandaríkjanna, þingmenn og dómarar við Hæstarétt Bandaríkjanna. Þá var Mike Pence, fyrrverandi varaforseti Bandaríkjanna, á staðnum.



Joe Biden, nýr forseti Bandaríkjanna, og Kamala Harris varaforseti eiga mikið verk fyrir höndum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Öldungadeildarþingmennirnir Amy Klobuchar og Roy Blunt fluttu opnunarávarp, prestarnir Leo J. O'Donovan og dr. Silvester Beaman fóru með bænarávarp og blessunarorð, slökkviliðskonan Andrea Hall fór með hollustueiðinn og ljóðskáldið Amanda Gorman fór með svokallað vígsluljóð.

Þá flutti Lady Gaga þjóðsönginn auk þess sem Jennifer Lopez og Garth Brooks voru með tónlistaratriði.

> **Biden lagði áherslu á sameiningu þegar hann tók við embætti.**

Í kjölfar athafnarinnar skrifaði Biden undir sínar fyrstu forsetatilskipanir og næstu daga mun öldungadeild Bandaríkjaþings vinna að því að staðfesta tilnefningar Bidens í embætti ríkisstjórnarinnar.

Athygli vakti að Donald Trump, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, skyldi ekki vera viðstaddur þegar Biden tók við embætti og er það í fyrsta sinn í rúmlega 150 ár sem fráfarandi forseti er ekki á staðnum þegar nýr forseti tekur við.

Þess í stað fór Trump til Flórída, en áður staðnæmdist hann á Joint Base Andrews-herstöðinni í Maryland þar sem sérstök kveðjuathöfn fór fram. Í ávarpi sem hann flutti við athöfnina óskaði hann ríkisstjórn Bidens góðs gengis en hét því að hann myndi snúa aftur í einhverri mynd. **fanndis@frettabladid.is**

UMHVERFIS STOFNUN

Áform um stækkun fólkvangs í Garðahrauni

Umhverfisstofnun, í samstarfi við Garðabæ og Styrktar- og líknarsjóð Oddfellowa, kynnir hér með áform um stækkun og endurskoðun friðlýsingar fólkvangsins Garðahrauns í Garðabæ skv. 52. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Áformin eru kynnt í samræmi við ákvæði 36. og 38. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Frestur til að skila athugasemdum við áformin er til og með 25. mars 2021. Athugasemdum við áformin má skila á vef Umhverfisstofnunar, með tölvupósti á netfangið ust@ust.is eða með pósti til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík.

Frekari upplýsingar er að finna á
ust.is/nattura/fridlysingar/fridlysingar-i-kynningu

Aðalmeðferð hafin í Bitcoin-málinu

DÓMSMÁL Aðalmeðferð í Bitcoin-málinu svokallaða hófst í Landsrétti í gær og er ráðgert að hún standi fram að helgi.

Tvö ár eru síðan dómur var kveðinn upp í málinu í Héraðsdómi Reykjaness, en þá voru sjö menn sakfelldir fyrir innbrot og tilraunir til innbrota í nokkur gagnaver og þjófnað á verðmætum tölvubúnaði, sem aldrei hefur fundist. Fimm þeirra áfrýjuðu málinu til Landsréttar.

Málið vakti gríðarlega athygli, allt frá því að lögreglan hóf rannsókn á innbrotunum í kringum áramótin 2017, ekki síst vegna æsilegs flótta Sindra Þórs Stefánssonar sem yfirgaf fangelsið að Sogni, tók sér leigubíl út á flugvöll og flaug til Stokkhólms. Hann var á flótta í níu daga áður en hann var handtekinn í Amsterdam.

Fyrir Landsrétti krefjast þeir sýknu sem ekki játuðu brot sín en að öðru leyti er gerð krafa um mildari refsingu. Aðeins einn hinna dómfelldu var viðstaddur í Landsrétti í gær, Viktor Ingi Jónasson, sem stundar nú nám í Reykjavík.

Hafþór Logi Hlynsson vakti mikla athygli fyrir Louis Vuitton-klút sem hann notaði til að hylja andlit sitt með við meðferð málsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Í dag voru spilaðar upptökur af skýrslutökum sem fram fóru í héraði. Skýrslutökur halda áfram í dag áður en málflutningur sækjanda og verjenda fer fram. **– aá**

Heilsa og lífsstíll

Dagana 14.-24. janúar

Vegan mataræði hefur rutt sér til rúms undanfarin ár, og fjölgar sífellt í hópi þeirra sem kjósa að neyta engra dýraafurða, innbyrða hvorki kjöt, egg, fisk, né mjólkurafurðir. Í Hagkaup má finna fjölbreytt úrval af vegan mat og réttum.

Beyond Burger

989 kr/pk

Verð áður 1.099 kr/pk

VEGAN

Allar Veganz vörur á 20% afslætti út janúar

VEGAN

Alpha Pizza

699 kr/pk

Verð áður 999 kr/pk

VEGAN

Jackfruit frá Biona

Verð nú frá **639** kr/pk

Verð áður frá 799 kr/pk

VEGAN

Búðu til þína eigin Acai skál

Verð nú frá **359** kr/stk

Verð áður frá 449 kr/stk

VEGAN

Vegetarian Plus

Verð frá **959** kr/pk

Verð áður frá 1.199 kr/pk

VEGAN

Tofurky

Verð frá **560** kr/stk

Verð áður frá 659 kr/stk

Yfir 1.000 vörur á tilboði

Skannaðu kóðann og skoðaðu glæsilegt Hagkaupsblað um heilsu og lífsstíl.

HAGKAUP

Kísilverið tapaði 1.350 milljónum króna

Kísilver PCC á Bakka við Húsavík tapaði 10,4 milljónum dala, jafnviði 1.350 milljóna króna, á árinu 2019, samkvæmt nýbirtum ársreikningi félagsins PCC Bakki-Silicon hf., sem heldur utan um reksturinn. Afköst voru að meðaltali 56 prósent á árinu.

Tekjur af rekstrinum námu um 3,5 milljónum dala, samanborið við rekstrarkostnað upp á meira en 12 milljónir dala.

Í ársreikningnum segir að COVID-19 hafi haft töluverð áhrif á reksturinn. Gripið hafi verið til þess að stöðva framleiðslu, víðtækra uppsagna og annarra hagræðingaraðgerða.

„Þrátt fyrir þetta er enn óvíst hvenær fyrirtækið getur skapað jákvætt sjóðsstreymi í rekstrinum," segir í reikningnum. Gert er ráð fyrir að kísilverið hefji aftur framleiðslu á fyrri helmingi þessa árs.

Forsvarsmenn kísilversins náðu í maí 2020 samkomulagi við verktakann sem byggði verksmiðjuna, þýska fyrirtækið SMS, um að síðarnefnda fyrirtækið greiddi því fyrrnefnda um einn milljarð króna. Fyrirtækin höfðu um nokkurt skeið deilt um tafabætur vegna framkvæmdanna.

56%

voru meðalafköst kísilversins árið 2019.

Þýska fyrirtækið PCC SE fer með 86,5 prósenta hlut í kísilverinu en Bakkastakkur, sem heldur utan um fjárfestingu íslenskra stofnfjárfesta, fer með 13 prósent.

Vorið 2020 greindi Markaðurinn frá því að fimm íslenskir lífeyrissjóðir, sem fara með meirihluta hlutafjár í Bakkastakki, hefðu lækkað mat sitt á virði hlutafjár sjóðanna í kísilverinu um á bilinu 75 til 100 prósent. Þá hefði Íslandsbanki, næststærsti hluthafi Bakkastakks með rúmlega 18 prósenta hlut, sömuleiðis fært eign sína „töluvert niður".

Samtals hafa lífeyrissjóðirnir, ásamt Íslandsbanka, fært niður hlutafé sitt í PCC um liðlega tvo milljarða, en þeir lögðu Bakkastakki upphaflega til nærri 2,5 milljarða í hlutafé 2015. – tfh

Byggingar Norðuráls við Helguvík sem áður var ætlað hlutverk kerskála gætu hugsanlega hýst laxeldi fyrir Samherja. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Borað eftir vatni og jarðsjó vegna laxeldis í Helguvík

Stefnt að því að slátra allt að 20 tonnum af laxi á dag ef af verkefninu verður. Myndi margfalda framleiðslugetu Samherja í laxeldi en hún er í dag um 1.500 tonn á ári. Niðurstöður frumathugana er snúa að magni grunnvatns og jarðsjávar á svæðinu munu liggja fyrir um eða upp úr mánaðamótum.

Boranir eftir grunnvatni og jarðsjó hafa staðið yfir í Helguvík á síðustu vikum, en Samherji fiskeldi og Norðurál undirrituðu viljayfirlýsingu þess efnis í október síðastliðnum að Samherji kaupi lóð og fasteignir á svæðinu af Norðuráli og nýti undir laxeldi á landi. Byggingar Norðuráls við Helguvík eru alls 23 þúsund fermetrar og lóðin er um 100 hektarar. Kaupverð eignanna liggur ekki fyrir.

Heimildir Markaðarins herma að tugum milljóna hafi verið kostað til við boranir á undanförnum vikum. Líklegt er að niðurstaða frumathugunar er snýr að annars vegar magni og hins vegar hitastigi grunnvatns og jarðsjávar á svæðinu muni liggja fyrir um eða upp úr næstu mánaðamótum, en segja má að verkefnið standi og falli með því að þessi ákveðni þáttur sé viðunandi.

Þegar og ef landeldið við Helguvík verður að raunveruleika gera áætlanir Samherja ráð fyrir því að slátra allt að 20 tonnum af laxi daglega og senda á erlenda markaði með flugi, að því er heimildir Markaðarins herma. Það þýðir að árleg framleiðslugeta gæti orðið yfir 7.000 þúsund tonnum, ef slátrað er allflesta daga ársins. Núverandi framleiðslugeta Samherja í laxeldi er um 1.500 tonn samkvæmt heimasíðu Samherja. Því myndi eldið í Helguvík margfalda framleiðslugetu fyrirtækisins.

Samherji starfrækir þegar fiskeldi á Suðurnesjum. Fyrirtækið rekur tvær áframeldisstöðvar bleikju skammt frá Grindavík og á Vatnsleysuströnd. Þar að auki rekur Samherji vinnslu í Sandgerði, þar sem bleikju er slátrað og pakkað í neytendaumbúðir.

» Heimildir Markaðarins herma að tugum milljóna hafi verið kostað til við boranir á undanförnum vikum.

Þar sem málið er enn þá á frumstigi hefur ekki farið fram umhverfismat á hugsanlegu landeldi við Helguvík. Sé litið til umsagna Skipulagsstofnunar um sambærileg verkefni má hins vegar áætla hversu mikillar vatnstöku úr jörðu er þörf til að landeldi sé mögulegt. Í umsögn vegna umsóknar Landeldis ehf. vegna 5.000 þúsund tonna landeldis við Þorlákshöfn á laxi, urriða og bleikju kemur fram að áætluð vatnstaka úr jörðu mæld í lítrum á sekúndu muni verða allt að 500 lítrar af ferskvatni, 2.350 lítrar af hálfsöltu grunnvatni og 2.650 lítrar af fullsöltum jarðsjó. Hins vegar er gert ráð fyrir allt að 75 prósenta endurnýtingu eldisvatns vegna verkefnisins við Þorlákshöfn, en endurnýtingarhlutföll hins hugsanlega verkefnis við Helguvík liggja ekki fyrir.

Markaður fyrir eldislax af Atlantshafsstofni hefur aukist hröðum skrefum á undanförnum árum. Fyrir um 30 árum var heildarframleiðsla um 400 þúsund tonn á heimsvísu. Samkvæmt nýlegum tölum frá Alþjóðamatvælastofnuninni nam eftirspurn ársins 2019 um 2,6 milljónum tonna og búist er við því að vöxtur eftirspurnar verði áfram með sambærilegum hætti og undanfarin ár. thg@frettabladid.is

Hundruð nýrra starfa til hjá Isavia

Fimmtán milljarða króna hlutafjáraukning í Isavia sem samþykkt var í síðustu viku mun skapa allt að 700 manns vinnu á næstu misserum og árum, en ljóst er að mannaflsfrekar framkvæmdir á vegum fyrirtækisins hefjast þegar á þessu ári og verða umsvifamestar í sumar.

Þetta kom fram í máli Sveinbjörns Indriðasonar, forstjóra Isavia, sem ræddi framtíðaráform fyrirtækisins í fréttaþættinum 21 á Hringbraut í gærkvöldi. Hann segir hlutfjáraukninguna ekki einasta styðja við framtíðaruppbyggingu Keflavíkurflugvallar heldur og styrkja samkeppnishæfni hans til muna.

Forvígismenn Isavia hafa þurft að fækka starfsfólki um 40 prósent af þeim mannafla sem fyrirtækið var með fyrir kórónaveirufaraldurinn – og ljóst er að þau liðlega 50 fyrirtæki sem þar að auki þjónusta flugið á Keflavíkurflugvelli hafa jafnframt fækkað starfsfólki að miklum mun á sama tíma. Flest þetta fólk kemur af Suðurnesjum þar sem um 25 prósenta atvinnuleysi ríkir nú um stundir, meira en tvöfalt meira en annars staðar á landinu.

Sveinbjörn Indriðason, forstjóri Isavia.

Því segir Sveinbjörn það einkar gleðilegt að geta hafið viðspyrnu nú þegar og ráðið hundruð manna í vinnu til að sinna fyrirsjáanlegum verkefnum á vellinum, en þau munu einkum felast í því bæta aðgengi og þjónustu á meginleiðunum í Leifsstöð, jafnt fyrir farþega og flugrekendur, svo og að gera flugstöðina umhverfisvænni en áður með breyttri og betri notkun á því mikla magni kemískra efna sem notuð eru í flugþjónustunni.

» Isavia hefur þurft að fækka starfsfólki um 40 prósent frá upphafi faraldursins.

Hann kveðst sannfærður um Keflavíkurflugvöllur haldi samkeppnisstöðu sinni þegar farþegaflug hefst af sama krafti og áður – og gott betur, því annað sé ekki að heyra á forkólfum þeirra tuga flugfélaga sem hingað hafi flogið á síðustu árum – og notað mörg hver Keflavík sem tengistöð á Atlantshafi – að þeir horfi áfram til Íslands sem eins áhugaverðasta áfangastaðarins í okkar heimshluta og komi þar margt til; hreint loft, náttúra og fámenni, fyrir utan æ meiri þjónustufærni flugvallarins. – ser

ÚTSALA

20-50%

AF TUR

WIZAR

Hægindastóllinn sem Íslendingar elska.

20% afsláttur

Útsöluverð

167.920 kr.

Verð áður 209.900 kr.

13 litir.

Rúmföt	Heilsurúm	Sófar	Hægindastólar	Gjafavara	Húsgögn
-20%	-20-40%	-20-50%	-20%	-20%	-20-50%

KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP STRAX Í DAG

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

Svartá til vinstri og enn vatnsmeiri Suðurá til hægri, hvort tveggja blátærar lindár sem státa af grasi grónum bökkum. Í fjarska sést í miðhálendið norðan Vatnajökuls. MYND/ÓMB

Gullið svarta

Tómas Guðbjartsson hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi og **Ólafur Már Björnsson** augnlæknir og ljósmyndari

Náttúruauðlindir eru ýmiss konar en málmar, kol og olía koma oft upp í hugann. Norðmenn kalla olíu Svarta gullið, sem jafnframt er titill á einni Tinnabókanna, en þar snýr Tinni á glæpamenn sem ásælast eyðimerkurolíu. Þótt útflutningur á svörtum vikri sem byggingarefni hafi verið reyndur hér á landi telst hann varla dýrmæt auðlind, líkt og jarðhiti, vatnsorka og einstakar náttúruperlur. Ósnortin náttúra aflar okkur ekki aðeins mikilvægra tekna heldur er hún líkt og tungumálið órjúfanlegur hluti af þjóðernisvitund okkar. Í Bárðardal er sérlega falleg lindá, Svartá, sem með réttu má kalla svart gull. Hún á upptök í Svartárvatni, en neðar rennur í hana blátær Suðurá frá Suðurárbotnum. Síðan renna þær sameinaðar sem Svartá norður í jökullitað Skjálfandafljót. Lífríki þessara risastóru lindáa er einstakt en í þeim þrífst ekki aðeins einangraður stofn urriða heldur einnig mikið fuglalíf. Straumönd sést víða en einnig húsönd sem annars er sjaldséð utan Mývatns og Laxár í Aðaldal. Svartá og Suðurá minna einmitt á Laxá og eru eins og hún vinsælar veiðiár. Þar ræður miklu óvenjustór urriðinn sem tilheyrir einstökum einangruðum stofni og þekkja má á túrkisbláum bletti aftan við augað.

Gróskumikið umhverfið spillir heldur ekki fyrir og gaman er að ganga með fram ánni beggja vegna, til dæmis frá brúnni yfir í Stórutungu. Ganga má fram á Hamarinn yfir Svartárgil og jafnvel alla leið að Svartárvatni. Ekki þarf heppni til að sjá endur synda um í straumþungu vatninu milli árhólma við undirleik mófugla sem halda til við bakkana. Í fjarska sést í Dyngjufjöll og Trölladyngju austan Sprengisands. En það eru svört ský sem ógna Svartá og umhverfi hennar. Svartárvirkjun er á teikniborðinu en með því að stífla ána verður uppeldisstöðvum einstaks stofns urriða rústað og tilvist húsandarstofnsins í ánni ógnað. Auk þess munu virkjanamannvirki minnka aðdráttarafl gönguleiða. Þetta er ekki fyrsta aðförin að þessum fallegu ám því á áttunda áratugnum stóð til að veita þeim með skurðum í Mývatn sem nýta átti sem miðlunarlón fyrir virkjanir í Laxá. Fyrir frækna baráttu þingeyskra bænda voru þau áform stöðvuð og stífla í ofanverðri Laxá sprengd í skjóli nætur. Í dag þætti algjör firra að breyta Mývatni í miðlunarlón, enda náttúruperla á heimsmælikvarða. Enn er hægt að bjarga Svartá frá fallöxi virkjunar, enda óskynsamlegt að kveikja í tunnu fullri af svörtu gulli – og það þegar ofgnótt er af rafmagni.

Fókus á hjarta landsins

Urriðinn í Svartá er bæði stór og skartar bláum augnskugga. MYND/PÁLMI GUNNARSSON

Svartá minnir um margt á Laxá í Aðaldal með hólmum og gróðri. MYND/JÓN AÐALSTEINN ÞORGEIRSSON

SAMSUNG

Galaxy S21 Series 5G

30 daga áskrift að Stöð 2+ fylgir

50 GB fylgja

Forsala á Samsung Galaxy S21

Glæsilegir kaupaukar fylgja með!

Kauptu í forsölu Galaxy S21 Ultra 5G og fáðu

Galaxy Buds Pro +
Galaxy Smart Tag

(Áætlað virði um 50.000 kr)



Kauptu í forsölu Galaxy S21 eða S21+ 5G og fáðu

Galaxy Buds Live +
Galaxy Smart Tag

(Áætlað virði um 40.000 kr)

Forsala fer fram í vefverslun á vodafone.is

vodafone

Gildir við kaup á Galaxy S21 5G, Galaxy S21+ 5G eða S21 Ultra 5G í forsölu á tímabilinu frá 14. janúar til og með 28. janúar 2021 hjá Vodafone.

Í röðinni

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Það getur sannarlega tekið á þolinmæðina að standa í röð og bíða eftir að fá þjónustu. Allflestir taka því eins og hverju öðru hundsbiti meðan sumir reyna af lagni að smeygja sér fram hjá öðrum og aðrir troða sér fram fyrir, staðfastir í ósvífni sinni og frekju.

Staða eins og þessi er nú komin upp vegna bólusetninga gegn hinni hvimleiðu pest, COVID-19. Sóttvarnalæknir, Þórólfur Guðnason, hefur ítrekað sagt að fjöldi beiðna berist þar sem einstaklingar halda því fram að þeir séu á einhvern hátt svo mikilvægir að þeir eigi rétt á að vera teknir fram fyrir aðra hópa. Þeim finnst blasa við að þeir þurfi alveg endilega að fá bólusetningu sem allra fyrst og ætlast til að sóttvarnalæknir og hans fólk kinki kolli því til samþykkis.

Sóttvarnalæknir er þolinmóður maður og þarf að vera það, því hlutskipti hans er að segja sömu hlutina aftur og aftur, iðulega við litlar undirtektir. Í huga manns er Þórólfur eiginlega orðinn holdgervingur þolinmæði og æðruleysis. Stundum læðir hann út úr sér setningum sem byrja á orðunum: Eins og ég hef margoft áður sagt... Ég þarf enn að ítreka að... Eins og ég hef oft áður bent á... Um leið sést á honum að hann gerir sér grein fyrir að hann á eftir að þurfa að segja þessa sömu hluti svo ótal oft.

Undanfarið hefur Þórólfur hvað eftir annað ítrekað að þegar kemur að bólusetningum er í forgangi framlínufólk í baráttu við sjúkdóminn, aldraðir einstaklingar og viðkvæmustu hópar þessa þjóðfélags. Síðan kemur að öðrum. „Ef orðið yrði við beiðni allra um að vera framar í forgangsröðinni eftir bólusetningu, myndu eldri og viðkvæmari hópar færast aftar í röðina," sagði Þórólfur á dögunum.

Sú sem þetta skrifar hrósaði happi þegar þeir sem eru sextugir og eldri voru settir nokkuð framarlega í bólusetningarröðina. „Loksins hlýst einhver ávinningur af því að vera orðin kerling," hugsaði hún. En svo var röðinni breytt og hún hrapaði snarlega niður í röðinni. Við því var ekkert að gera, annað en að yppa öxlum í stóískri ró.

Í kapphlaupinu um að komast í bólusetningu verður mjög vart við viðhorfið að hver sé sjálfum sér næstur. Þetta á ekki bara við um þá sem eru uppteknir af eigin mikilvægi og vilja með öllum ráðum svína á öðrum til að komast framar í forgangsröðina. Viðhorf margra er að íslensk stjórnvöld hafi gert mikil mistök með því að treysta á sjálfsagða samvinnu við aðrar þjóðir, þegar kemur að útvegun bóluefnis. Þessir einstaklingar trúa á frekju og yfirgang og eru síðan einkar duglegir við að kenna Evrópusambandinu um allt sem miður fer í Evrópu. Þeim þykir líka meira en sjálfsagt að vel stæðar þjóðir hamstri mun meira bóluefni en þær þurfa, meðan þær fátækustu eiga í stökustu vandræðum með að útvega þegnum sínum bóluefni. Ekki virðist talið brýnt að hjálpa þessum þjóðum, sem búa við mikla neyð. Þær þurfa aðstoð en mega víst éta það sem úti frýs.

COVID er ekki beinlínis að laða fram það besta í fólki.

Í kapphlaupinu um að komast í bólusetningu verður mjög vart við viðhorfið að hver sé sjálfum sér næstur.

Halldór



Frá degi til dags

Að skilja nei

Margir ráku upp stór augu þegar Guðmundur Andri Thorsson, þingmaður Samfylkingarinnar, lagði til að stuðningur úr almannasjóðum við stjórnmálaflokka væri skilyrtur við að flokkarnir héldu sig innan siðareglna Alþingis. Píratar voru ekki sáttir enda rökstuddur grunur um að flokkurinn færi rakleiðis á hausinn. Þetta er hins vegar mjög taktískt högg á Miðflokkinn. Samfylkingin þarf ekki að hafa neinar áhyggjur, þingmenn hennar sem skilja ekki hvað nei þýðir eru bara látnir ganga plankann.

Langalangalangalanga

Kolbeinn Óttarsson Proppé rakst á skoðanakönnun og hefur yfirgefið borgina til að reyna að ná fyrsta sæti Vinstri grænna á Suðurlandi. Í ávarpi á KFC á Selfossi telur hann sér til tekna að vera ættaður úr kjördæminu, hafa dvalið í Þjórsárdal í sumarbústað fjölskyldunnar margoft, jafnvel oftar en menn muna. Þyngst vegur að hann sé barnabarnabarn Gests á Hæli og það hafi nú aldeilis komið sér vel þegar hann kíkti í Skaftholtsréttir. Þess hafi hann notið ríkulega þegar hann bauð sig fram í kjördæminu árið 2003, svo ríkulega að það skilaði honum ekki þingsæti. Spurning hvort hann hefði kannski átt að sleppa að nefna Gesti á Hæli og sjá hvort það virkar betur núna.

Saga tveggja borga

Eyþór Arnalds
oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Þeir sem hafa lesið sögu Dickens um örlög Charles Darney og Sidney Carton þekkja örlagasögu tveggja borga og tveggja manna. Borgarþróun er ekki náttúrulögmál. Hún er mannanna verk. Sumar borgir vaxa, en öðrum hnignar. Undanfarið hafa margar stofnanir og fyrirtæki yfirgefið Reykjavík. Skuldir borgarinnar hafa vaxið hratt, en áður fyrr var Reykjavík nær skuldlaus. Skuldir A-hlutans á íbúa voru 530 þúsund krónur 2014 þegar núverandi borgarstjóri tók við taumunum. Að óbreyttu verða skuldir A-hlutans 1.500 þúsund krónur árið 2024 á hvert mannsbarn í borginni. Það er þreföldun á áratug. En sambærileg skuldatala Kópavogs er bæði lægri og hefur ekki hækkað á tíu árum.

Skuldasaga sveitarfélaganna tveggja er ólík. Reykjavíkurborg þrefaldar skuldir sínar en Kópavogur hefur hemil á skuldasöfnun. Og heildarskuldir borgarinnar fara í 3,3 milljónir árið 2024 á íbúa, en það er meira en tvöföld skuldatala Kópavogs. Ákvörðun Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, Tryggingastofnunar og Íslandsbanka, að flytja til Kópavogs, er afleiðing af skipulagsstefnu borgarinnar.

Háir skattar í borginni, fáar hentugar lóðir til að byggja og skortur á góðri þjónustu ýta fólki og fyrirtækjum, störfum og stofnunum burt úr borginni. Samkeppnishæfni borgarinnar hefur veikst með háum sköttum og þungri stjórnsýslu. Tölurnar tala sínu máli. Þetta er saga tveggja ólíkra staða. Ólík stefna felur í sér ólíka þróun. Rúmlega sex þúsund manns bjuggu í Reykjavík í byrjun síðustu aldar. Vöxtur borgarinnar var ekki tilviljun. Hann varð vegna þess að hér var gerð hafnaraðstaða, vatnsveita, hitaveita, rafveita og byggingarland. Ákvarðanir byggja upp borgir. Detroit var eitt sinn vaxtarborg. Nú er öldin önnur. Það er mikilvægt fyrir borgina að bæta stöðu sína. Lækka kostnað og bjóða upp á hagkvæm byggingarsvæði. Þannig getum við vaxið án þess að skuldir vaxi um of. Þannig getum við verið raunhæfur valkostur fyrir fólkið og fyrirtækin.

Háir skattar í borginni, fáar hentugar lóðir til að byggja og skortur á góðri þjónustu ýta fólki og fyrirtækjum, störfum og stofnunum burt úr borginni.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

AF KÖGUNARHÓLI

Sprengiefni

Þorsteinn Pálsson

Umsögn Samkeppniseftirlitsins um sölu Íslandsbanka er pólitískt sprengiefni fyrir þá sök að hún endurspeglar skýra mynd af hnappheldu peningakerfisins og fjármálamarkaðarins. Jafnframt varpar hún ljósi á ófullnægjandi undirbúning málsins.

Samkeppniseftirlitið telur núverandi eignarhald á viðskiptabönkunum gallað. Það er í prinsippinu fylgjandi sölu á hlutum ríkisins. En það setur aftur á móti fram leiðbeinandi viðmið til að tryggja samkeppni. Þau skilja ríkisstjórnina eftir í blindgötu.

Augum lokað fyrir hindrunum

Í forsendum ríkisstjórnarinnar segir að ógerlegt sé að fá erlenda kaupendur. Það rýrir verðgildi bankans og stuðlar ekki að aukinni samkeppni.

Samkeppniseftirlitið dregur fram að hindranir á erlenda fjárfestingu eru miklu meiri hér en á öðrum Norðurlöndum. Það gagnrýnir ríkisstjórnina maklega fyrir að ræða ekki hvernig ryðja megi hindrunum úr vegi.

Þetta er til marks um óvandaðan undirbúning.

Satt best að segja er krónan stærsta samkeppnishindrunin á fjármálamarkaði. Þann grundvallarvanda má hins vegar ekki ræða. Það er veikleiki.

Augum lokað fyrir samkeppni

Ámælisverðast er að salan er undirbúin og ákveðin án þess að gæta að mikilvægasta þættinum, sem er krafan um virka samkeppni.

Samkeppniseftirlitið leiðir rök að því að öðrum kaupendum en lífeyrissjóðum verði ekki til að dreifa, nema í takmörkuðum mæli. Þeir eru nú helstu eigendur Arion banka. Að auki eiga þeir flest stærstu fyrirtækin, sem bankarnir skipta við. Loks eru þeir bæði stórir viðskiptavinir og helstu keppinautar bankanna.

Svo má ekki gleyma því að sala til lífeyrissjóða er ekki einkaveðing. Lífeyrisiðgjöld eru jafngildi skatta. Fjármunir sjóðanna eru velferðarpeningar eins og krónurnar í ríkissjóði og lúta sömu lögmálum.

Það er enginn eðlismunur á eignarhaldi ríkissjóðs og lífeyrissjóða á bönkum og fyrirtækjum. Þessi hluti velferðarkerfisins er rekinn í nokkrum einingum, en ákvarðanir þeirra allra byggja á sömu lögbundnu forsendunum.

Ef ekki er unnt að sýna fram á að sala efli samkeppni vantar helstu rökin fyrir henni. Augunum má ekki loka fyrir þessu kjarnaatriði.

Tvöfalt siðgæði

Við höfum innleitt nýja löggjöf Evrópusambandsins um fjármálamarkaðinn. Það er því rétt hjá ríkisstjórninni að lagaumhverfið er að því leyti annað en þegar bankarnir voru seldir í byrjun aldarinnar.

En hvers vegna dugar það ekki til að skapa traust? Vera má að það stafi af því að stjórnvöld hafa látið við það sitja að innleiða Evrópulöggjöfina um fjármálamarkaðinn.

Dæmi: Í skilningi laga um fjármálamarkaðinn er Samherji nú ráðandi eigandi Síldarvinnslunnar. Aftur á móti er Síldarvinnslan Samherja enn með öllu óviðkomandi, í skilningi laga um stjórn fiskveiða.

Um leið og sala ríkisbanka til náinna samherja var ákveðin á sínum tíma, var fellt úr lögum ákvæði um dreifða eignaraðild að stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum. Núverandi ríkisstjórn hefur komið í veg fyrir að það verði sett í lög á ný.

Sérhagsmunagæslan afhjúpar þannig tvöfalt siðgæði. Meðan það blasir við með svo áberandi hætti byggist traustið hægt upp.

> **Svo má ekki gleyma því að sala til lífeyrissjóða er ekki einkaveðing. Lífeyrisiðgjöld eru jafngildi skatta. Fjármunir sjóðanna eru velferðarpeningar eins og krónurnar í ríkissjóði og lúta sömu lögmálum.**

Réttur tími en vanhugsuð byrjun

Taka verður undir með ríkisstjórninni að á næstu árum er æskilegt að nýta þá fjármuni, sem bundnir eru í bankakerfinu, með skynsamlegri hætti í þágu velferðarkerfisins. Að því leyti er þetta góður tími til að hefjast handa.

En á meðan ríkisstjórnin hefur ekki byggt upp nægjanlega mikið og almennt siðferðilegt traust verður erfitt að troða sölunni niður í kokið á kjósendum. Þeirra traust skiptir máli.

Aðalatriðið er þó hitt að það er óðslegt að fara af stað í þennan leiðangur fyrr en unnt er að sýna fram á að hann skili markvissari og heilbrigðari samkeppni. En til þess að það sé unnt verða menn að horfast í augu við veikleika peningakerfisins.

Erlendir fjárfestar líta á krónuhagkerfið sem hindrun. Og lífeyrissjóðirnir hafa sprengt krónuhagkerfið utan af sér. Ríkisstjórn, sem lokar augunum fyrir þessari hnappheldu, nær ekki tökum á viðfangsefninu.

Segja má að tími sé til kominn. En eins og í skák er velhugsuð byrjun forsenda fyrir árangursríku endatafli.

Menntahroki og aldursfordómar á íslenskum vinnumarkaði

Ástþór Jón Ragnheiðarson
varaformaður ASÍ-UNG

Á hverjum degi er fjöldinn allur af störfum auglýstur laus til umsóknar á þeim ótal mörgu atvinnuleitarmiðlum sem til eru. Störfin eru mismunandi eins og þau eru mörg og gera þar af leiðandi mismunandi kröfur til væntanlegra umsækjenda. Eitt hefur þó á undanförnum árum byrjað að einkenna atvinnuauglýsingar í auknum mæli. Krafa um háskólamenntun sem nýtist í starfi og lágmarksaldur. Er það, að því er virðist í mörgum tilfellum, algjörlega óháð því hvort störfin krefjist raunverulega háskólamenntunar eða lágmarksaldurs. Þegar staðan er eins og hér er lýst, er ekki laust við að menn spyrji sig hvað veldur? Svarið blasir við og er aldursfordómar og menntahroki, sem einkenna ekki bara íslenskan vinnumarkað, heldur líka íslenskt samfélag.

Eðlilega er þó nokkur fjöldi starfsgreina sem hefur lögverndaðan starfstitil, og er það í flestum tilfellum nauðsynlegt enda um afar sérhæfð störf að ræða. Má þar til dæmis nefna lífeindafræðinga, verkfræðinga, lækna og sálfræðinga. En það er mér þó alfarið hulin ráðgáta hvers vegna móttökuritari þarf að bera lágmarksaldur, þegar engin tiltekin menntunarkrafa er tilgreind. Hvers vegna framkvæmdastjóri þarf að bera háskólamenntun, þegar að verkefni þeirra eru fjölbreytt og mismunandi, eins og framkvæmdastjórar eru nú margir. Menntun er máttur en ekki almáttur og þegar

Dæmin eru ótalmörg um aldursfordóma og menntahroka í íslensku samfélagi, og vinnumarkaðurinn bara ein af mörgum birtingarmyndum þess.

kemur að því að ráða fólk til starfa væri mun nær að horfa til reynslu þess, eiginleika og þeirrar kunnáttu sem einstaklingar kunna að búa yfir, en ekki bara hvaða menntunarstig prófskírteinið þeirra segir til um.

Ég veit ekki með ykkur, en ef ég væri í þeirri stöðu að þurfa að ráða aðila til þess að reka fyrirtæki eða stofnun, teldi ég til dæmis húsasmíðameistara, með áralanga reynslu af sjálfstæðum rekstri, alveg jafn hæfan, ef ekki hæfari, en háskólamenntaðan viðskiptafræðing. Dæmin eru ótalmörg um aldursfordóma og menntahroka í íslensku samfélagi, og vinnumarkaðurinn bara ein af mörgum birtingarmyndum þess. Ég vona að á komandi árum komum við til með að meta einstaklinga fyrir hæfni þeirra, ekki bara prófskírteinið.

Sú var tíðin að mér hugnaðist að læra að verða grunnskólakennari. Þá sagði einn af mínum framhaldsskólakennurum við mig að „góður kennari yrði frábær með menntun, en lélegur kennari yrði aldrei góður, sama hversu mikið hann menntar sig“. Ég held að gamli kennarinn minn hafi haft mikið til síns máls, en hvað veit ég svo sem, enda bæði ungur og ekki með neina háskólagráðu.

Höfundur sækist eftir 2.-3. sæti á lista Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi fyrir alþingiskosningar árið 2021.

Ósjálfbær ójafnaðarstefna

Helgi Tómasson
prófessor í hagrannsóknum og tölfræði

Efnahagsleg áhrif veirufaraldursins bitna á sveitarfélögum og íbúum þeirra með ólíkum hætti. Fasteignaskattur er næstmikilvægasti tekjupóstur sveitarfélaganna, á eftir útsvari, og innheimtu þau 48 milljarða króna af fasteignaeigendum árið 2019. Skattstofninn er áætlað söluverðmæti viðkomandi eignar og er hann byggður á flóknum útreikningum Þjóðskrár sem stærir sig af beitingu gervigreindaraðferða við ákvörðun skattstofnsins. Niðurstaða þessa fyrirkomulags eru ófyrirsjáanlegar sveiflur skattstofns og skatttekna sem hvorki eru í samræmi við greiðslugetu skattgreiðanda né þjónustu sveitarfélags. Gervigreindaraðferðirnar nýtast örugglega betur annars staðar.

Nýlega hafa vextir fasteignalána snarlækkað og stuðlað að hækkun eignaverðs. Þannig hækkar skattstofn fasteignaskatts og þar með tekjur sveitarfélaga af skattinum. Skatturinn á tilteknum svæðum mun haldast hár þar til nægjanlega margar eignir hafa selst á lækkuðu verði svo gervigreindarformúlan bregðist við og lækki skattstofninn. Á svæðum þar sem atvinnulíf hefur orðið fyrir þungum höggum vegna faraldursins geta sveitarfélög lent í

Nýlega hafa vextir fasteignalána snarlækkað og stuðlað að hækkun eignaverðs. Þannig hækkar skattstofn fasteignaskatts og þar með tekjur sveitarfélaga af skattinum.

því að bæði útsvarstekjur og fasteignaskattar hrynji samtímis. Á öðrum svæðum gengur hækkun fasteignaverðs vegna vaxtalækkunarinnar ekki til baka og þeir sem þar búa þurfa að borga hærra hlutfall af tekjum sínum til að geta staðið undir aukinni skattbyrði. Í kórónukreppunni hafa fáir skattgreiðendur fengið aukið svigrúm til að greiða hærri fasteignaskatta. Lágtekjufólk og þeir sem hafa misst tekjur vegna faraldursins eru viðkvæmir og eiga á hættu að missa eignir og jafnvel ævisparnað til fjársterkra aðila. Þessi útfærsla skattsins er í andstöðu við eiginleika sem lýst er í greinargerð með lögum um fasteignaskatt frá 1989, að fasteignaskattur eigi ekki að vera eignarskattur.

Allt gerist þetta vegna gervigreindarformúlu og undarlegrar verkaskiptingar hinna tveggja arma (ríkis og sveitarfélaga) hins opinbera skattheimtukerfis. Þessir armar virðast stundum vera í reiptogi um skattgreiðendur. Sjálfbærni og jöfnuður eru algeng hugtök í stjórnmálaumræðunni. Fasteignaskattur í núverandi mynd er ósjálfbær ójafnaðarstefna.

Löngu tímabærar ráðstafanir gegn jarðvegsmengun

Guðmundur Ingi Guðbrandsson
umhverfis- og auðlindaráðherra

Við höfum flest gert okkur grein fyrir því að jörðin er eina athvarf okkar og auðlindir hennar síður en svo óþrjótandi. Andrúmsloftið, vatnið, hafið og jarðvegurinn, allt eru þetta undirstöður lífs á jörðinni og það er okkar að tryggja að þær standi ólaskaðar að okkur gengnum. En mörgu okkar mannanna bjástri fylgir mengun, sem við verðum eftir fremsta megni að koma í veg fyrir.

Ný reglugerð sú fyrsta sinnar tegundar

Nú um áramótin tók gildi reglugerð sem hefur það meginmarkmið að uppræta eða draga úr jarðvegsmengun frá hvers konar atvinnustarfsemi og koma í veg fyrir skaðleg áhrif af hennar völdum. Þetta er í fyrsta sinn sem slík reglugerð er sett á Íslandi.

Mengun í jarðvegi stafar helst frá iðnaði, landbúnaði eða úrgangi. Heilsu manna og dýra getur stafað hætta af henni, til dæmis vegna uppgufunar óæskilegra efna, mengaðra vatnsbóla eða beinnar snertingar við mengaðan jarðveg. Þá geta búsvæði lífvera raskast, líffræðilegur fjölbreytileiki minnkað og óæskileg efni safnast upp í lífkerfum.

Svæði með menguðum jarðvegi kortlögð

Hér á landi eru þónokkur svæði með menguðum jarðvegi, svo sem frá eldri urðunarstöðum, iðnaðarsvæðum, umsvifum setuliðsins eða

Markmið reglugerðarinnar er ekki síður að skilgreina ábyrgð og verksvið þeirra sem eiga að bregðast við, þegar og ef jarðvegur mengast.

vegna óhappa. Í reglugerðinni nýju er Umhverfisstofnun falið að halda skrá yfir svæði þar sem mengaðan jarðveg er að finna, eða grunur leikur á að svo sé. Gert er ráð fyrir að skráin verði aðgengileg öllum fyrir lok næsta árs. Þetta getur skipt máli til dæmis við breytingar á skipulagi og raunar alla landnotkun. Til dæmis ef byggja á íbúabyggð þar sem eitt sinn var sorphaugur þá þarf að tryggja að svæðið hafi verið hreinsað með viðunandi hætti. Eins er mikilvægt að þessum svæðum fjölgi hvorki, né að mengunin aukist.

Viðmiðunargildi sett í fyrsta sinn

Í reglugerðinni eru í fyrsta sinn sett fram hámarksgildi þungmálma og lífrænna efnasambanda í jarðvegi hérlendis, á íbúasvæðum annars vegar og atvinnusvæðum hins vegar. Eins er fjallað um jarðveg sem er mengaður af alvarlegum sjúkdómsvöldum, svo sem vegna hræja dýra sem smitast hafa af miltisbrandi eða sauðfjárriðu. Mikilvægt er að ekki sé hróflað við jarðvegi á þeim svæðum og einmitt í því sambandi skiptir skráning Umhverfisstofnunar miklu máli.

Markmið reglugerðarinnar er ekki síður að skilgreina ábyrgð og verksvið þeirra sem eiga að bregðast við, þegar og ef jarðvegur mengast. Í megindráttum er það síðan svo að sá sem veldur mengun skal bera kostnaðinn sem af henni hlýst, í takti við mengunarbótaregluna.

Breytt hugarfar

Það eru ekki ýkja margir áratugir síðan það var viðtekin venja að brenna sorp á víðavangi og hella spilliefnum í niðurfallið – farvegur fyrir þau kom fyrst fyrir um 30 árum. Víða í iðnaði skorti mengunarvarnabúnað og ýmis mengandi efni voru notuð án umhugsunar. En nú vitum við betur. Það hafa orðið miklar breytingar á hugarfari og mengunarvörnum á undanförnum áratugum. Þessi reglugerð er mikilvægt framlag til frekari mengunarvarna á Íslandi og löngu tímabær.

Heimilaskipti – umhverfisvænn ferðakostur eftir heimsfaraldur

Sesselja Traustadóttir
umboðsmaður Intervac heimilaskiptasamtakanna á Íslandi

G. Pétur Matthíasson
sendiherra Intervac á Íslandi

Við horfum fram á veginn – við ætlum í bólusetningu og svo ætlum við að ferðast á ný. COVID-19 hefur sannarlega reynt á þolinmæðina og það í hæstu hæðum. Ferðalög eru með því skemmtilegasta sem margir vita og ferðafrelsi okkar hefur bráðum verið heft í heilt ár.

Þegar við leggjum aftur af stað gætu heimilaskipti verið frábær kostur. Fyrir því eru margar ástæður. Fyrir það fyrsta eru margir auralitlir eftir faraldurinn. Þá er ljúft að ferðast án þess að þurfa að leggja í mikinn kostnað við gistingu. Í öðru lagi gefa heimilaskipti tækifæri til lengri ferðalaga. Hægt er að semja um heimilaskipti við sína skiptifélaga, nákvæmlega eins og báðum hentar. Algengt er að fólk sem kemur til Íslands í heimilaskiptum sé til í þriggja vikna frí. Jafnvel lengur og auðvitað líka skemur. Í þriðja lagi verður þitt eigið heimili varla öruggara í fríinu en að þar búi einhver á meðan þitt ferðalag stendur yfir. Og svo eru margar aðrar ástæður. Fólk binst ævilöngum vináttuböndum við skiptin. Maður verður gestur inni á heimili annars fólks og er treyst fyrir góðri umgengni þar. Maður býr í hverfinu þar sem fólkið í landinu býr og fær leiðsögn um allt það skemmtilegasta í nágrenninu beint frá skiptifélaga sínum. Upplifunin býður upp á djúpan skilning á ólíkum þjóðum.

Upphaf Intervac heimilaskiptanna á Íslandi

Intervac heimilaskiptasamtökin voru formlega stofnuð árið 1953. Í byrjun voru þetta mest kennarar í Mið-Evrópu; kennarar sem fengu góð frí í sínu starfi, en ekki svo há laun. Síðan hafa samtökin vaxið og eru nú starfandi um allan heim og félagsmenn samtakanna eru úr öllum stéttum samfélagsins; einhleypir og pör á öllum aldri, ungar fjölskyldur og eldri fjölskyldur, hommar og lesbíur, menntaðir og ómenntaðir. Samskiptamálið er oftast enska en stór hluti heimasíðu Intervac á Íslandi er þýddur yfir á íslensku og ótal fleiri tungumál. Umboðsmenn starfa í 45 löndum og það net skapar öryggi fyrir skiptifélaga um allan heim.

Samskiptamálið er oftast enska en stór hluti heimasíðu Intervac á Íslandi er þýddur yfir á íslensku og ótal fleiri tungumál.

Íslenskur umboðsmaður og sendiherra

Fyrir fólk á Íslandi sem er að spá í heimilaskipti er kostur að vita til þess að Intervac heimilaskiptin eru bæði með íslenskan umboðsmann og sendiherra samtakanna. Það má ævinlega leita til þeirra um hvað eina sem er og vekur spurningar.

Sesselja og G. Pétur hafa gríðarlega góða og mikla reynslu af heimilaskiptum. Á meðal áfangastaða hefur Sesselja heimsótt Egyptaland, París, London, Ítalíu, Írland, Kaupmannahöfn, Amsterdam, La Rochelle, Nantes, Tasmaníu og Sydney í Ástralíu. Ýmist ein á ferð og allt upp í skipti með 7 manna fjölskyldu. G. Pétur hefur ferðast um Suður-Ameríku, Danmörku, París, Berlín og Bordeaux.

Gestrisni og hlýja, alúð og velgjörningur einkenna góð heimilaskipti. Góðar leiðbeiningar um hvernig staðið skal að skiptunum eru aðgengilegar á heimasíðu samtakanna, www.intervac.com.

Ertu klár fyrir nýja normið?

Við fögnum nýju ári og þeim breytingum sem því munu fylgja. Framundan er tími endurreisnar og um leið og fyrirtæki aðlaga rekstur sinn að breyttum aðstæðum þarf starfsfólk að sýna sveigjanleika og aðlagast nýju normi. Frumkvæði, þrautseigja, samskiptahæfni og jákvætt viðhorf eru eiginleikar sem við þurfum að búa yfir.

Í meira en 100 ár höfum við unnið með fólki og leyst úr læðingi meiri orku en það taldi sig hafa. Á hverjum degi verðum við vitni að árangri sem markar tímamót.

Vertu klár fyrir nýja normið og pantaðu einkaráðgjöf á dale.is til að finna réttu þjálfunina.

Staðbundin námskeið:	Hefst:
Áhrifaríkar kynningar	18. feb.
Árangursrík sala	23. feb.
Dale Carnegie kvöldnámskeið	8. feb.
Dale Carnegie kvöldnámskeið	23. feb.
Dale Carnegie 3ja daga með Norminu	12. feb.
Dale Carnegie á Akureyri	13. april
Dale á milli starfa	11. feb.
Dale á milli starfa	24. feb.
Leiðtogahæfni	24. feb.
Leiðtogaþjálfun fyrir stjórnendur	25. feb.

Live Online námskeið:	Hefst:
Dale Carnegie kvöldnámskeið	21. jan.
Dale Carnegie morgunnámskeið	17. feb.
Dale Carnegie fyrir 20 til 25 ára	4. feb.
Dale á milli starfa	19. jan.
Árangursrík sala	11. feb.
Leiðtogafærni	2. mars.

Live Online fjarþjálfun á sér stað í rauntíma. Þú tekur virkan þátt, leysir verkefni og kynnist fólki. Þjálfararnir eru tveir og annar aðstoðar þig við tæknimálin allt námskeiðið. Nánar á dale.is

Hver er þín staða?
Taktu ókeypis sjálfsmat á dale.is

Skráðu þig strax á dale.is

Copyright © 2020 Dale Carnegie & Associates, Inc. All rights reserved. Ad_25x38c_121620

Fyrst kvenna til þess að dæma í Ofurskálinni

NFL Sarah Thomas mun brjóta blað í sögu NFL-deildarinnar þegar hún verður fyrsta konan til þess að dæma úrslitaleik mótsins, Ofurskálina, þegar leikurinn fer fram 7. febrúar næstkomandi.

Thomas varð árið 2019 fyrst kvenna til þess að dæma leik í úrslitakeppninni í NFL, fjórum árum eftir að hafa verið fyrsta konan til þess að dæma deildarleik.

„Sarah Thomas er að skrá sig á spjöld sögunnar enn á ný. Frammistaða hennar til þessa hefur verið í hæsta gæðaflokki og hún hefur áunnið sér þann sess að dæma í stærsta leik ársins. Hún á heiður skilinn fyrir störf sín," segir Troy Vincent, varaforseti NFL-deildarinnar, um þróun mála hjá Thomas.

Það kemur í ljós á sunnudaginn kemur hvaða lið mætast í Ofurskálinni að þessu sinni, en þá berjast Green Bay Packers og Tampa Bay Buccaneers annars vegar og ríkjandi meistarar, Kansas City Chiefs og Buffalo Bills, hins vegar um farseðilinn í sæti í úrslitaleiknum. **– hó**

Sara Björk í leik með Lyon í Meistaradeildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Sara valin í lið ársins hjá UEFA

FÓTBOLTI Landsliðsfyrirliðinn Sara Björk Gunnarsdóttir var valin í lið ársins 2020 hjá UEFA, en aðdáendur stóðu að valinu á kvennaliði í fyrsta sinn þetta árið.

Undanfarin tuttugu ár hefur stuðningsmönnum staðið til boða að kjósa lið ársins í karlaflokki en í ár var kvennaflokki bætt við og bárust sex milljónir atkvæða. Evrópumeistararnir í Lyon eiga flesta fulltrúa, eða sjö af ellefu.

Sara sem vann tvöfalt með Wolfsburg í Þýskalandi og vann Meistaradeild Evrópu fyrst íslenskra kvenna, er einn þriggja leikmanna sem komast að á miðsvæðið. Við hlið Söru eru frönsku landsliðskonurnar Amandine Henry sem er liðsfélagi Söru hjá Lyon og Kheira Hamraoui sem leikur með Barcelona. **– kpt**

Eins leiks bann fyrir sígarettu

FÓTBOLTI Ricardo Ferretti, þjálfari Tigres í efstu deild í Mexíkó, var í gær dæmdur í eins leiks bann fyrir að kveikja sér í sígarettu á hliðarlínunni í leik gegn Santos. Aganefnd tók málið fyrir eftir að dómarateymið missti af atvikinu.

Hinn 66 ára gamli Ferretti stýrði liðinu til sigurs í Meistaradeild Norður- og Mið-Ameríku fyrr á þessu ári en samkvæmt reglum keppninnar er stranglega bannað að reykja á vellinum. Auk leikbannsins sem hann tekur út um helgina fékk Ferretti sekt upp á 8.000 pesóa sem eru rétt rúmlega 50 þúsund íslenskar krónur. **– kpt**

Sjaldgæft að svona mál rati inn á borð almenns dómstóls

Launadeila landsliðsmannsins Kristófers Acox og KR fer fyrir dómstóla á morgun. Sjaldgæft er að slík deila rati fyrir dómstóla og þykir KKÍ leitt að þurfi að grípa til slíkra aðgerða í deilum sem þessum. Deilumál af þessum toga fara yfirleitt fyrir alþjóðlegan dómstól og eru fordæmi fyrir slíkum málum á Íslandi.

KÖRFUBOLTI Deilum landsliðsmannsins Kristófers Acox við uppeldisfélag sitt KR er hvergi nærri lokið en á morgun verður mál tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur á milli Kristófers og KR. Kristófer telur KR-inga skulda sér laun og yfirgaf félagið síðasta sumar en KR-ingar börðust fyrir því að hann ætti eitt ár eftir af samningi sínum þegar Kristófer rifti við KR. Kristófer samdi við Val nokkrum dögum síðar og leikur með félaginu í dag en KR-ingar neituðu að skrifa undir félagsskiptin á sínum tíma. Það þurfti því úrskurð frá KKÍ til að landsliðsmaðurinn fengi leikheimild í Valstreyjunni sem fékkst að lokum. Í þremur leikjum til þessa hefur Kristófer verið með tuttugu stig, 9,3 fráköst og 1,3 stoðsendingar að meðaltali í leik.

Þótt það sé sjaldgæft að slík mál fari fyrir dómstóla á Íslandi þarf ekki að fara langt aftur til að finna síðasta dæmið. Fyrrverandi landsliðsmaðurinn Sigurður Gunnar Þorsteinsson fór með mál fyrir dómstóla þar sem staðfest var að ÍR þyrfti að greiða honum vangoldnar launagreiðslur. Sigurður sleit krossband í fyrsta leik eftir að hafa skrifað undir í Breiðholtinu og stóð ÍR ekki við kjör og kaup á meðan meiðslunum stóð en ÍR-ingar sögðu að hann hefði ekki uppfyllt samningsákvæði um að vera til taks og heill heilsu á samningstímanum. ÍR-ingar nýttu sér ákvæði til að rifta samningnum eftir eitt ár og leikur Sigurður í dag með Hetti á Egilsstöðum.

Hannes S. Jónsson, formaður Körfuknattleikssambands Íslands, vildi ekki tjá sig um málavextina í málinu en sagði auðvitað leiðinlegt að sjá slíka deilu þurfa að fara fyrir dómstóla.

„Að sjálfsögðu er mjög leiðinlegt að sjá að það þurfi að grípa til þessa aðgerða fyrir hönd beggja aðilanna í þessu máli," sagði Hannes sem sagðist í fljótu bragði ekki muna eftir fleiri málum eins og málum Kristófers og Sigurðar.

„Það er alltaf hægt að fara dómstólaleiðina sem er algengara á almennum vinnumarkaði en í íþróttahreyfingunni. Ég vona að þetta verði eitt af fáum málum sem rati þangað og að hægt verði að leysa þessi mál utan dómstóla."

Kristófer sem hefur leikið 40 leiki fyrir Íslands hönd var í hópnum sem fór á EuroBasket 2017. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Ég vona að þetta verði eitt af fáum málum sem rati þangað og að hægt verði að leysa þessi mál utan dómstóla.**
>
> Hannes S. Jónsson, formaður KKÍ

Aðspurður hvort KKÍ hefði eitthvað skoðað að endurskoða regluverkið utan um samninga leikmanna sagði Hannes það hafa komið til tals.

„Við erum alltaf að skoða alla hluti til að laga regluverkið okkar og þetta er eitt af því. Auðvitað hafa oft komið upp ágreiningsmál milli leikmanns og klúbba, hvort sem það er hér á Íslandi eða hjá erlendum liðum en þá eru slík mál yfirleitt leyst fyrir dómstól sem Alþjóðakörfuboltasambandið, FIBA, er með. Í leikmannasamningnum er yfirleitt ákvæði um að ágreiningsmál fari fyrir þann dómstól og yfirleitt eru báðir aðilar sammála um að fara með málin þangað," sagði Hannes og hélt áfram:

„Það hafa komið upp ágreiningsmál hér á Íslandi, milli erlends leikmanns og íslensks félags og þá er það þessi tiltekni dómstóll FIBA sem úrskurðar í því máli. Þau mál hafa fallið báðum megin en oftast fara svona ágreiningsmál þangað," sagði Hannes og sagði að það væri í skoðun að setja regluverk utan um hvað gera skyldi þegar félög verða staðin að því að brjóta á samningum leikmanna þegar sú hugmynd var borin undir hann.

„Sú umræða hefur líka komið upp, að hægt verði að grípa til aðgerða ef að félög verða staðin að því að brjóta á samningsákvæðum leikmanna. Þetta er í skoðun hjá okkur en við þurfum að hafa betri yfirsýn yfir þetta," sagði Hannes enn fremur.

kristinnpall@frettabladid.is

Afar misjöfn frammistaða á helmingum vallarins

HANDBOLTI Ísland laut í lægra haldi, 20-18, fyrir Sviss í fyrstu umferð í milliriðli á heimsmeistaramótinu sem fram fer í Kaíró í Egyptalandi þessa dagana. Þar með er ljóst að möguleikarnir á að komast áfram í átta liða úrslit mótsins eru orðnir ansi fjarlægir.

Elliði Snær Viðarsson fékk stórt hlutverk í miðri vörn íslenska liðsins í leiknum eftir að Arnar Freyr Arnarsson fékk sína aðra brottvísun snemma í fyrri hálfleik. Það var ekki við varnarleikinn að sakast í þessu tapi Íslands en tapaðir boltar, illa framkvæmd seinni bylgju hraðaupphlaup og léleg nýting í dauðafærum og af vítalínunni varð íslenska liðinu að falli.

„Ég var eiginlega að bíða eftir því allan leikinn að við næðum að hrökkva í gang í sóknarleiknum, komast yfir og slíta þá frá okkur í kjölfarið. Það gerðist hins vegar því miður ekki og því fór sem fór. Við vorum að brenna af allt of mörgum góðum færum og gera dýrkeypta tæknifeila á ögurstundum," segir Elliði Snær um leikinn.

Eyjamaðurinn sýndi fína takta í vörn Íslands gegn Sviss. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

„Við vorum hins vegar öflugir í varnarleiknum eins og við höfum verið allt mótið að mínu mati og Björgvin Páll var öflugur fyrir aftan okkur. Við getum tekið það með okkur í næstu leiki og í næstu verkefnum liðsins. Vitanlega erum við langt niðri núna en það þýðir ekkert að leggja árar í bát. Við getum svekkt okkur eitthvað fram í kvöldið en svo verðum við bara að halda áfram," segir Eyjamaðurinn.

Ísland á tvo leiki eftir í milliriðlinum. „Við höfum fulla trú á því að við getum náð í hagstæð úrslit í þeim leik. Við getum klárlega lagt þessi lið að velli ef að við náum okkar besta leik. Nú þarf bara að safna orku, fara yfir það sem aflaga fór og halda áfram. Þetta var virkilega svekkjandi tap í þessum leik en mótið er ekki búið," segir hann um framhaldið. **– hó**

Fólk

FIMMTUDAGUR 21. JANÚAR 2021

Tíska

Guðmundur Kristjánsson hafði engan áhuga á handavinnu sem strákur og var látinn sitja eftir í handavinnutímum því hann skilaði ekki verkefnum. Í dag er hans helsta áhugamál að prjóna. →4

Heba ásamt kærasta sínum Shroff en þau hafa unnið hörðum höndum að því að byggja upp AOC og reka nú þrjár verslanir og selja víðs vegar um heim. MYND/AÐSEND

Ekkert jafn tímalaust eins og svart og hvítt

Heba Björg Hallgrímsdóttir hefur verið búsett í Bretlandi um árabil þar sem hún á og rekur sitt eigið fatamerki undir heitinu Absence of Colour, eða AOC, ásamt kærasta sínum. Áhersla er lögð á mínímalíska og tímalausa hönnun. →2

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Heba ásamt samstarfsfólki í tökum við sjávarsíðuna.
MYNDIR/AÐSENDAR

Heba og Shroff hófu nýverið framleiðslu á herrafötum undir merki AOC.

Heba í tökum ásamt frænku sinni Sylvíu Lovetank.

Framhald af forsíðu

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is

Heba ólst upp á Eskifirði fram að tíu ára aldri og flutti þá til Reykjavíkur. „Ég byrjaði að vinna í tískubransanum heima þegar ég var 17 ára. Ég sannfærði mömmu mína um að það væri góð hugmynd að leyfa mér að taka smá pásu frá skóla."

Hún var harðákveðin í sínu. „Ég sat um Odd sem átti Kókó og Kjallarann og beið á hverjum degi fyrir utan skrifstofuna hans þangað til hann lét mig hafa vinnu."

Útbjó búð í skáp mömmu

Tískuáhuginn kviknaði snemma. „Ég var alveg viss um hvað ég vildi gera og hvert ég vildi fara, enda búin að vera í búðarleik heima hjá mér síðan ég var lítil stelpa og útbjó litla búð inni í skáp hjá mömmu. Svo var ég alltaf að stelast í hælaskóna hennar ömmu og töskurnar hennar og dressa mig upp."

Hún segir móður sína hafa haft mikil áhrif hvað áhugann snertir. „Þessu er plantað í mig frá mömmu, hún var alltaf voða dugleg að sauma á okkur alls konar föt og pantaði líka oft föt í gegnum símann frá fatabúð sem hét Krakkar og var í Reykjavík þannig að við fengum reglulega send box frá Reykjavík með ýmsum skemmtilegum flíkum."

Hönnunarhæfileikarnir komu þá snemma í ljós. „Ég hafði mjög sterkar skoðanir á því sem ég klæddist sem barn. Ég man til dæmis eftir því þegar ég var á leiðinni í skólann, um leið og ég var komin handan við hornið var ég farin að breyta húfunni minni og öllu því sem mamma hafði klætt mig í til að setja minn eigin stimpil á það."

Úr Kjallaranum til Lundúna

„Ég flutti svo út, eftir að hafa unnið lengi í Kjallaranum, Kókó og 17. Ég kom fyrst til London 2003 og var þar í sjö ár að vinna í tískubransanum, kom svo heim aftur í tvö ár og ákvað svo 2013 að opna Absence of Colour og flutti þá aftur 2014 til London til að koma því á laggirnar."

Boltinn fór fljótt að rúlla. „Ég byrjaði að selja á netinu á Asos Marketplace og í Laden Showroom í austurhluta London sem var svona showroom fyrir lítil sjálfstæð merki. Topshop spottaði mig á Asos Marketplace og ég fór á fund með þeim í maí 2014 og byrjaði að selja þeim í ágúst sama ár. Þetta vatt eiginlega allt upp á sig út frá því.

Heba segir fátt jafnt íslenskt eins og að klæðast svörtu frá toppi til táar.

Við erum núna með okkar eigin verslanir, opnuðum fyrstu búðina árið 2015 á Brick Lane í Austur-London og svo búð númer tvö árið 2016 í Shoreditch. Síðan opnuðum við búð í New York árið 2019 og erum líka að selja í ýmsum verslunum eins og Topshop og Topshop online. Svo erum við í 20 verslunum í Mið-Austurlöndum og ýmsum minni sjálfstæðari verslunum hér og þar í Evrópu. Vorum einnig að „launcha" líka á netinu hjá Nordstrom.com sem er í Ameríku."

Fann ástina á Indlandi

Þegar Heba var að undirbúa AOC gripu örlögin í taumana. „Ég fór fyrst til Indlands að leita mér að framleiðendum, var þar í næstum ár þar og kynntist þá manninum mínum sem er í merkinu með mér í dag. Hann var líka að vinna við framleiðslu og í bransanum og var þá á leiðinni að flytja til London og fara í mastersnám í tískustjórnun. Þannig að við vinnum saman við brandið í dag og hann sér um alla framleiðslu og allt sem því við kemur og ég er listrænn stjórnandi."

Hvar færðu innblástur?

„Aðallega úr umhverfinu og bara öllu í kringum mig. Svo er auðvitað allt svo mínímalískt heima og klæðast eiginlega allir svörtu heima. Ég er nánast alltaf í svörtu sjálf. Þetta er náttúrulega alveg voða íslenskt finnst mér, svart og hvítt. Og bara klassískt. Það er svolítið ethos-ið á bak við brandið, tímalaust. Það er held ég ekkert jafn tímalaust og svart og hvítt."

Hvernig er að vinna í tískubransanum í London miðað við á Íslandi?

Fötin frá AOC eru stílhrein og tímalaus og fara því öllum vel.

„Það er eiginlega ekki hægt að líkja því saman. Það eru auðvitað miklu meiri möguleikar og sýnileiki fyrir brandið að vera hér miðað við heima. Fyrir utan að það er rosalega lítið gert fyrir þennan bransa heima. Maður getur ekki einu sinni sent sýnishorn heim án þess að þurfa að borga fúlgu eða það sé annaðhvort klippt í það gat eða sett hola í skó. Það er eiginlega bara sorglegt hvað það er lítið stutt við bransann heima finnst mér því það eru miklir talentar, mikil gróska og mikið að gerast. Alla vega miðað við Skandinavíu og annars staðar í heiminum og þetta er náttúrulega risavaxinn iðnaður."

Áttu þér uppáhaldshönnuð?

„Alexander McQueen hefur alltaf verið í miklu uppáhaldi. Og Chanel. Nafnið á merkinu kemur einmitt úr „quote"-i frá henni."

Þekkir ferlið frá a til ö

Heba ráðleggur þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref í bransanum að kynnast ferlinu frá upphafi til enda. „Það sem ég gerði áður en ég byrjaði með mitt eigið brand er að ég vann við allt sem við kom því að reka verslun. Ég byrjaði á gólfinu að selja, vann mig síðan upp í að verða verslunarstjóri og svo fór ég í innkaup. Síðan þegar ég flutti til London vann ég í heildsölu og á Indlandi kynntist ég öllu í kringum framleiðsluna. Þetta hefur reynst mér rosalega vel og hjálpað mikið, ég hef í raun þekkingu á öllum sviðum."

Hún segir nýjustu línuna frá AOC vera svipaða því sem þau hafa verið að gera í gegnum árin en þau hafa einnig verið að færa út kvíarnar. „Við erum búin að vera að gera nýja línu núna sem heitir DNN by AOC og er lítil denim-lína. Svo vorum við líka að byrja að selja fyrir herra, það er það nýjasta hjá okkur."

Ísland er aðeins of lítið

Heba segir faraldurinn hafa haft mikil áhrif á reksturinn. „Þetta eru búnir að vera skrítnir tímar og erfitt, sérstaklega út af verslunum okkar. Við höfum lagt svo sterka áherslu á „brick and mortar", það er að segja sjálfar búðirnar okkar, síðustu ár og gengið rosalega vel með þær. Þannig að það er búið að vera mjög krefjandi og mestmegnis búið að vera lokað hjá okkur í ár. Erfiðast hefur samt verið að geta ekki hitt sína nánustu, vini og vandamenn, og kúnnana okkar og allt það."

Þegar einar dyr lokist þá opnist aðrar. „Við erum búin að reyna að sigla á önnur mið, byggja upp netsöluna og annað. Svo erum við heppin með það að ekki allir markaðirnir sem við erum að selja á hafa verið undir jafn miklum höftum eins og hérna. Ég get samt ekki beðið eftir að þetta sé búið. Þetta er alveg að verða komið gott núna."

Hún lítur björtum augum til framtíðar. „Ég held að tímarnir séu að breytast og heimurinn hafi kannski þurft að hægja aðeins á sér. Fyrir tveimur árum var mikill hraði á öllu, maður lifði bara í ferðatösku og var alltaf á ferð og flugi út af vinnu, framleiðslu og öðru. Þú þurftir einfaldlega að finna aðrar leiðir og núna sér maður að það er hægt að vinna öðruvísi og aðlagar sig bara breyttum aðstæðum."

Þegar Heba er spurð hvort hún hafi í hyggju að flytja heim segir hún það ólíklegt. „Aldrei að segja aldrei en það er ekki á planinu eins og er. Ég reyni að vera dugleg að koma heim en mér finnst Ísland eiginlega aðeins of lítið fyrir mig."

Á Íslandi er hægt að kaupa fötin frá AOC í Apríl Skór og einnig á heimasíðunni: aocfashion.com

ERUM AÐ TAKA UPP NÝJAR VÖRUR VOR 2021

LÍTTU VIÐ Á BELLADONNA.IS

Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördís Erna Þorgeirsdóttir | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Björn Viglundsson

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Mos Mosh kápa
Verð: 47.980
Nú: 28.788
Mos Mosh kjóll,
til í tveimur litum
Verð: 36.980
Nú: 22.188
Mos Mosh úlpa,
einnig til í svörtu
Verð: 39.980
Nú: 23.988
ÚTSALA
Meiri verðlækkun
40-60%
Mos Mosh kápa
Verð: 60.980
Nú: 36.588
Mos Mosh jakki
Verð: 39.980
Nú: 19.990
Mos Mosh kjóll
Verð: 32.980
Nú: 19.788
hjá
Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

Áhugavert hvernig ullin er unnin

Guðmundur Kristjánsson hafði engan áhuga á handavinnu sem strákur og var látinn sitja eftir í handavinnutímum því hann skilaði ekki verkefnum. Í dag er hans helsta áhugamál að prjóna.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is

Það var vinkona mín sem kenndi mér að prjóna fyrir svona tíu árum, þegar ég var kominn yfir þrítugt, og ég fékk mikinn áhuga á því," útskýrir Guðmundur.

„Ég stofnaði síðan saumaklúbb á ölstofu Kormáks og Skjaldar og kallaði hann Baðstofuna. Pælingin var að fólk hittist þar að prjóna, en svo fór hann dálítið mikið á flug. Það átti að hittast snemma í vikunni og einn átti að lesa úr bók, svona eins og húslestur og aðrir áttu að stunda handverk. Seinna fór ég svo að vinna hjá Varma í prjónaframleiðslunni til að kynna mér prjónið meira. Mér fannst það mjög áhugavert, að vinna á prjónaverkstæði og sjá hvernig það ferli fór fram."

Guðmundur hannar sjálfur það sem hann prjónar og hefur mjög gaman af hugmyndavinnunni í kringum það.

„Ég hef sérstaklega gaman af plötulopa, hann er hrár og notalegur og gefur grófa áferð. Svo er gaman að blanda saman plötulopa og einbandi. Núna er ég að prjóna peysu, ég hef prjónað mikið af peysum en ég hef líka verið að búa til ýmislegt annað úr ullinni, ég hef verið með alls konar tilraunamennsku með litla hluti, ég þæfði til dæmis hjarta inn í flösku og hef búið til blóm úr ull og ýmislegt fleira," segir hann.

Guðmundi finnst ullin heillandi og segir að sér þætti gaman að geta unnið ull frá reyfi.

„Það er áhugavert hvernig ullin er unnin, þrifin, spunnin, lituð og eitthvað búið til úr henni. Allt þetta ferli þykir mér mjög spennandi. Ég hef ekki prófað að vinna ull frá grunni, en ég fór einu sinni á námskeið á Hvanneyri í náttúrulitun ullar. Það var mjög áhugavert og ég væri til í að prófa mig meira áfram með það," segir Guðmundur.

Vinnustofa á Ítalíu

Fyrir þremur árum seldi Guðmundur hús sem hann átti og keypti sér litla íbúð á Ítalíu, en hann á líka litla íbúð í Vestmannaeyjum þar sem hann býr núna.

„Pælingin var að vera með vinnustofu á Ítalíu og vera þar svolítið að vinna við hönnunina mína. Íbúðin er fyrir norðan Róm á milli Rómar og Flórens. En vegna COVID hef ég ekki mikið getað verið þar á síðasta ári. Ég veit ekki hvaða forgang ég hef á sjúkrahús þar ef ég skyldi verða veikur og ástandið þar hefur ekki verið gott. En ég vona að ég geti bráðum farið að vera meira þar. Ég stúkaði líka af hluta af íbúðinni minni í Vestmannaeyjum og það er draumurinn minn að geta haft litla vinnustofu þar líka. Ég reyni að búa á tveimur stöðum ef ég get það."

> **Mér finnst góð stund að sitja og hlusta á tónlist og prjóna og slaka á.**

Aðspurður að því hvað heilli hann mest við prjónaskapinn segir hann að það að prjóna sé svo góð slökun.

„Það er bara svo yndislegt að geta prjónað. Ég horfi lítið á sjónvarp en mér finnst góð stund að sitja og hlusta á tónlist og prjóna og slaka á. Eins og ég sagði áðan þá finnst mér hugmyndavinnan líka mjög skemmtileg. Að hanna eitthvað og reyna svo að búa það til. Ég byrja yfirleitt á að pæla í litunum, ég vel mér svo liti og vinn út frá því. Oft veit ég ekkert hvað ég er að fara að gera í upphafi. En þó ég hanni sjálfur og noti ekki uppskrift þá er peysa alltaf peysa í grunninn. Það er bara ákveðin formúla fyrir peysu, en svo geturðu sett þín mörk á hana. En þegar ég prjóna eitthvað annað en föt þá get ég notað hugmyndaflugið meira."

Vinkona Guðmundar kenndi honum að prjóna þegar hann var á fertugsaldri og eftir það fékk hann mikinn áhuga á prjónaskap. MYNDIR/AÐSENDAR

Guðmundur prjónar ekki eftir uppskrift heldur hannar flíkurnar sjálfur eins og þessa fallegu peysu.

Þegar Guðmundur hannar byrjar hann yfirleitt á að ákveða litina.

Þessi barnaboki úr ull eftir Guðmund er eflaust hlýr og notalegur.

Blóm úr þæfðri ull eftir Guðmund kemur skemmtilega út í glugganum.

EIN STÓR FJÖLSKYLDA

Hver einasti meðlimur Colgate-fjölskyldunnar finnur tannbursta, tannkrem og aðrar tannhirðuvörur við sitt hæfi. **Velkomin í fjölskylduna**!

Colgate®

Prjónavesti hefja innreið sína á ný

Þau minna okkur á ljóta en gífurlega þægilega hægindastóla, kaffiskán í bollanum, góðlátleg yfirvaraskegg, mögulega smá pípu- eða vindlamökk, og svo fjölmargt fleira sem tengist öfum.

Jóhanna María Einarsdóttir
johannamaria@frettabladid.is

Það voru einmitt prjónavesti sem tröllriðu öllu á tískupöllunum á tískuvikunum fyrir vor og sumar 2021, bæði í byrjun 2020 og í lokin. Tískuspekúlantar skörtuðu margir hverjir þessum þægilegu og fjölbreyttu flíkum og munu halda áfram að sýna nýjar leiðir til að para þær við fataskápinn.

Prjónavesti í öllum stærðum og gerðum, með skyrtum innanundir og án, síð eða stutt, einlit eða útsaumuð og litrík, möguleikarnir eru endalausir. Og það þarf ekki endilega að plokka þau beint af tískupöllunum, heldur má einfaldlega fá leyfi til að róta í skápnum hjá afa eða finna gersemar í nytjaverslunum.

Prjónavesti fyrir konur og karla eru klárlega það sem koma skal þegar byrjar að hlýna aðeins með vorinu og munu leysa þykkar ullarpeysur með snjáðum ermum af hólmi.

Prjónavesti voru áberandi hjá Etro í upphafi 2020 og voru áfram í forgrunni hjá þeim í vor/sumarlínu 2021 á tískuvikunni í Mílanó.

Prjónavestin slógu í gegn á tískuvikum í lok ársins 2020 og kepptust tískuspekúlantar við að setja saman áhugaverðan klæðnað með prjónavesti í forgrunni. Hér sjást gestir á tískuvikunni í Mílanó í september.

Louis Vuitton er með puttann á púlsinum með þessu glæsilega prjónavesti í anda afa og einkaskóladrengja. Flíkin er úr 2021 vor/sumarlínunni. MYNDIR/GETTY.

Enn fleiri dæmi um það hversu smart prjónavesti geta verið, en hér má sjá gest á tískuvikunni í París í október klæðast hvítu prjónavesti.

Hér má sjá hana Geraldine Boublil í gráu prjónavesti með samstæðu pilsi fyrir utan Paco Rabanne tískusýninguna á tískuvikunni í París í október.

Prjónavesti eru ekki bara inn hjá konunum enda er hér um að ræða afar kynlausa flík. Hér er Hugo Boss á tískuvikunni í september 2020.

ORKA ÍSLANDS

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um Orku Íslands kemur út **laugardaginn 30. janúar.**

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Áhugasamir auglýsendur geta haft samband við:

Ruth Bergsdóttir markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 694 4103/ ruth@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

NÝTT

FASTEIGNASALAN TORG

Áb. Sigurður Gunnlaugsson löggiltur fasteignasali

ÁLALIND 18-20

201 KÓPAVOGUR

57 NÝJAR GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR	10 ÍBÚÐIR Á 1.HÆÐ ERU MEÐ SÉRINNGANGI	
51 STÆÐI Í LOKUÐUM BÍLAKJALLARA	2 RÚMGÓÐIR BÍLSKÚRAR	AFHENDING MAÍ 2021

OPIÐ HÚS laugardaginn 23. jan. kl. 13:00-15:00

HERBERGI: 2ja -5
STÆRÐ: 51,8 – 203,6 m²

VERÐ: 42.990.000 – 114.990.000 kr.

Glæsilegt nýtt fjölbýlishús í Glaðheima hverfinu í Kópavogi.

Húsið er stallað og eru það mismunandi 4ra, 6 eða 7 hæða. Allar íbúðir eru með aukinni lofthæð, 2,68 M. Húsið er staðsteypt, einangrað að utan og klætt og því einstaklega viðhaldslítið.

Íbúðum er skilað fullbúnum án gólfefna nema á votrýmum og á forstofum, þar eru fallegir 60 x 60 flísar frá Álfaborg. Innréttingar eru frá Innréttingaframleiðandanum Voke-3 og eru almennt í ljósum lit með dökku uppbroti. Í eldhúsi fylgir spanhelluborð, og bakaraofni frá AEG og gufugleypi frá Airforce/ Elica. Undir vegghengdum efri skápum er innfræst led lýsing. Sér þvottaaðstaða er innan 4ra og 5 herbergja íbúðanna. Í 2ja og 3ja herb íbúðunum er einstaklega góð aðstaða fyrir þvottavél og þurrkara í innréttingu.

Um er að ræða glæsilegar íbúðir í einu fallegasta hverfi höfuðborgarsvæðisins þar sem öll helsta þjónusta og verslanir eru rétt við bæjardyrnar.

Þorsteinn
Fasteignasali
694 4700

Berglind
Fasteignasali
694 4000

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Þjónusta

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Húsaviðhald

Rúnar Múrari ehf
S - 780 - 28 38

Húsaviðgerðir Tröppuviðgerðir
Flotun Lekaviðgerðir Flísalögn
Málningarvinna-Þakmálun o.m.fl.

40 ára reynsla í utanhússviðhaldi.

Við gerum tilboð þér að kostnaðarlausu.
runarmur@gmail.com

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

NUDD - NUDD
Úrvals nudd alla daga í miðbæ Kópavogs sími 888 6618 og 788 6609 Elísabet.

Keypt & Selt

Til sölu

myranaut
Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Mikið úrval
Verð við allra hæfi

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Tilkynningar

Tilkynningar

WWW.YAAKOVSWELL.NET
Here you will find a series of studies of the Blessed Torah. All the material is completely free. you may download it, copy it and give it away.

Ábendingahnappinn má finna á
BARNAHEILL.IS

Tilkynningar

Auglýsing um Skipulagsmál í Skaftárhreppi.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér endurauglýst tillaga að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:

1.Breyting á aðalskipulagi í Hrífunesi., Landnr. 163371
Um er að ræða breytingu þar sem gert er ráð fyrir stækkun á verslunar- og þjónustusvæðis (V2) við Hrífunes, svæðið stækki úr 19 ha í 46 ha og frístundabyggðarsvæði í Hrífunesi (F3) minnkar úr 258 ha í 233 ha.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér endurauglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:

2.Deiliskipulagstillaga fyrir Hrífunes, Landnr. 163373
Samkvæmt gildandi aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022 er landnotkun fyrir Hrífunes (Landnr. 163373) skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði.
Núverandi byggingar á lóðinni eru Gistihús byggt 1947 (Mhl 04), Gisthús byggt 1954 (Mhl 03) og Gistihús byggt 2014 (Mhl 05).
Skilgreindur er nýr byggingarreitur samtals 375 m2 fyrir viðbyggingu/stakstæða byggingu austanmegin við núverandi gistihús (Mhl 04). Byggingin rúmar gistiherbergi ásamt íbúð fyrir staðarhaldara. Byggingin er einnar hæðar með kjallara. Leyfilegt byggingarmagn á reitnum er 420 m2.

3.Deiliskipulagstillaga fyrir Hrífunes, Landnr. 213047
Deiliskipulagið nær til verslunar og þjónustusvæðis á lóð með landnúmer 213047 sem er í Hrífunesi í Skaftárhreppi. Heildarstærð skipulagssvæðisins er 3500 m2. Deiliskipulagið tekur til íbúðarhúss, ferðaþjónustuhúsa og bílastæða. Í aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022 er svæðið skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði, V2 sem er 19ha og er ætlað fyrir veitingaþjónustu og bændagistingu. Deiliskipulagið nær aðeins til hluta þess.

4.Deiliskipulagstillaga – Flaga II, Landnr. 176602
Deiliskipulagið tekur til lóðar með landnúmer 176602, Flaga II land í Skaftárhreppi. Heildarstærð deiliskipulagssvæðisins er 1,4 ha. Deiliskipulagið tekur til íbúðarhúss, geymslu, ferðaþjónustuhúsa og bílastæða. Í aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022 er svæðið skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði í deifbýli, V4 þar sem íbúðarhús er nýtt fyrir ferðaþjónustu.

Samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér endurauglýstar breytingartillögur að deiliskipulagi í Skaftárhreppi:

5.Breyting á deiliskipulagi í Hrífunesi, Landnr. 163371
Breyting á deiliskipulagi í Hrífunesi í Skaftártungu landnr. 163371. Breytingin felur í sér að stækka skipulagsreit V2 fyrir verslun og þjónustu þannig að göturnar Stóratorfa og Mástorfa falli inn í reitinn.

6.Deiliskipulagsbreyting Geirlandi, Landnr. 163570
Deiliskipulagssvæðið stækkar úr 1,41 ha í 4,08 ha og nær til lóðarinnar Geirland, landnúmer 163570. Nýr byggingarreitur tengist gistiskála og veitingasal. Innan byggingarreits má byggja gistirými, tengibyggingar, stækkun veitingasalar og eldhús og gestamóttöku. Vegghæð nýbygginga frá gólfi sé allt að 3,0 m og mænishæð allt að 6,0 m. Heimilt era ð byggja allt að 2260 m2 grunnflöt innan byggingarreits.

Skipulagstillögurnar liggja frammi á skrifstofu Skaftárhrepps, frá og með fimmtudeginum 21.jan. til og með fimmtudeginum 4.mars 2021. Skipulagstillögurnar eru líka til sýnis á heimasíðu Skaftárhrepps, www.klaustur.is. Athugasemdir skulu vera skriflegar. Skila skal athugasemdum á netfangið bygg@klaustur.is eða á skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 10, 880 Kirkjubæjarklaustri.

Ólafur Elvar Júlíusson
Skipulags- og byggingarfulltrúi Skaftárhrepps

Þjónustuauglýsingar Sími 550 5055

LOK Á HEITA POTTA

Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.
Metum ástand og gerum við.
www.fjardarbolstrun.is
Fjarðarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

GLUGGA GERÐIN
Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.
Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

EYJALIND
Varahlutir í VOLVO Vinnutæki

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

viftur.is
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
íshúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR
ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?

HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ
FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

Alla fimmtudaga og laugardaga
arnarut@frettabladid.is

Myllu Lágkolvetnabrauð

LÍFSKORN

Lífskorn færir þér máltíð af akrinum

Nýjung!

Hátt í próteinum
Lágt í kolvetnum

Kauptu nýtt Lífskorn lágkolvetna í dag

Aðeins 2,8g kolvetni í hverri brauðsneið

Nýja lágkolvetna Lífskornið er þróað fyrir þig sem vilt „þinn dagskammt“ af góðu brauði. Leitaðu eftir Lífskorni lágkolvetna með appelsínugula litnum. Hver pakkning er 145g og 4 sneiðar. Í 100g eru 7,6g af kolvetni eða aðeins 2,8g kolvetni í hverri brauðsneið. Gott fyrir dagskammtinn!

Nýjung í Lífskorni
Aðeins 2,8g kolvetni í hverri brauðsneið!
Lágkolvetnabrauð - gott fyrir dagskammtinn alla daga!

Mikilvægt er að lítið samfélag okkar Íslendinga geti treyst á sjálfstæða innlenda framleiðslu. Myllan er ferskvöruframleiðandi sem skilur að samfélagið þrífst best á fjölbreyttri matarmenningu. Stöðug vöruþróun Myllunnar skilar okkur íslensku úrvali af ferskvörum í besta gæðaflokki. Skoðaðu hvaðan maturinn kemur - leitaðu eftir Myllu-merkinu! Myllan, þaðan sem nýtt kemur.

Veldu íslenskt

Kauptu nýjasta brauðið frá Myllunni í dag
Aðeins 2,8g kolvetni í hverri brauðsneið!
Lífskorn lágkolvetna gott fyrir dagskammtinn alla daga!

Nýtt

Lífskorna fjölskyldan er óðum að stækka, finndu þitt uppáhalds Lífskorn.
Skoðaðu: myllan.is

MYLLAN
Alltaf nýbakað síðan 1959

> nánar á myllan.is

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

21. JANÚAR 2021 FIMMTUDAGUR

†

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

Guðlaug Lára Björgvinsdóttir

(Lóa)

Eskivöllum 21A, Hafnarfirði,

lést mánudaginn 11. janúar.
Útför hennar mun fara fram frá Hafnarfjarðarkirkju, mánudaginn 25. janúar kl. 13.

Bragi Brynjólfsson

Kristvin Már Þórsson
Brynja Björg Bragadóttir
Linda Bragadóttir
Ívar Bragason
Bjarki Bragason
Carina Zanoria
Valur Bjarni Valsson
Stefán Hrafnkelsson
Sigrún Helga Jóhannsdóttir

Fanney, Kristján Bragi, Helga, Hildur, Stefán Atli, Freyja Bjarnveig, Brynhildur og Dallilja.

†

Elsku pabbi okkar, tengdafaðir og afi,

Kristinn Helgi Eldjárnsson

frá Siglufirði, Borgarbraut 2, Borgarnesi,

lést í Brákarhlíð, 14. janúar sl. eftir erfið veikindi. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Brákarhlíðar, sáramiðstöðvar B3 í Fossvogi og sjúkrahótels LSH, fyrir einstaka hlýju og góða umönnun.

Lára Bjarney Kristinsdóttir
Helgi Örn Kristinsson
Elfa Sif Kristinsdóttir
Steinar Hannes Kristinsson
Sigurlínus Gunnarsson
Hrafnhildur Gísladóttir
Anzhela Klimets
og barnabörn.

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Brynjólfur H. Magnússon

lést á heimili sínu, Selá í Fnjóskadal, föstudaginn 15. janúar.
Útförin fer fram í Akureyrarkirkju mánudaginn 25. janúar kl. 13.30.
Jarðsett verður í Hálskirkjugarði. Í ljósi aðstæðna verða aðeins nánustu ættingjar og vinir viðstaddir.
Athöfninni verður streymt í lokuðum hóp.
Hjartans þakkir fær starfsfólk almennrar göngudeildar lyflæknasviðs SAK og Heimahlynning SAK.

Hulda Björg Kristjánsdóttir

Magnús Brynjólfsson
Guðrún Brynjólfsdóttir
Helgi Brynjólfsson
Kristján Brynjólfsson
Maxime Logi Brynjolfsson
Marion Brynjolfsson
Össur Hafþórsson

†

Ástkær eiginmaður minn, sonur, faðir, stjúpfaðir og afi,

Gísli Pálsson

Sjávargrund 8A, Garðabæ,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans, laugardaginn 9. janúar sl.
Útförin fer fram frá Lindakirkju föstudaginn 22. janúar kl. 15.
Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu verða einungis nánustu aðstandendur viðstaddir. Athöfninni verður streymt á lindakirkja.is/utfarir
Blóm og kransar eru afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Ljósið, kt. 590406-0740, reikningur 0130-26-410520, og Minningarsjóð HERU, líknarþjónustu, kt. 640394-4479, reikningur 0513-26-22228.

Dagný Björk Pétursdóttir
Soffía Stefánsdóttir
Ólivía Gísladóttir
Páll Gíslason
Fríða Sædís Gísladóttir
Anný Rós Ævarsdóttir
Andri Pétur Dalmar Dagnýjarson
Andri, Sunna, Emilía, Jenný og Gabríel

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

Á íþróttahátíðinni í Salnum. Jón Finnbogason, formaður íþróttaráðs Kópavogs, Karen Sif Ársælsdóttir, íþróttakona Kópavogs 2020, Arnar Pétursson, íþróttakarl Kópavogs 2020, og Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Afreksfólk stefnir hátt

Frjálsíþróttafólkið Arnar Pétursson og Karen Sif Ársælsdóttir, bæði úr Breiðabliki, voru nýlega kjörin íþróttakarl og íþróttakona Kópavogs árið 2020 á hátíð í Salnum.

Blikarnir Arnar Pétursson hlaupari og Karen Sif Ársælsdóttir stangarstökkvari voru sæmd heiðurstitlunum íþróttakarl og íþróttakona ársins 2020 í Kópavogi. Bæði fengu þau að launum farandbikara og eignarbikara og einnig afhenti Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri hvoru fyrir sig 200 þúsund krónur í viðurkenningarskyni frá Kópavogsbæ.

Þau Arnar og Karen Sif voru valin úr hópi 42 íþróttamanna sem hlutu viðurkenningu íþróttaráðs Kópavogs eftir tilnefningar frá íþróttafélögunum í bænum.

Hefur æft í Danmörku í haust

Auk þessarar upphefðar hafði Karen Sif verið valin frjálsíþróttakona ársins 2020 hjá Breiðabliki. Hún er Íslands- og bikarmeistari kvenna í stangarstökki bæði utan- og innanhúss og var einstaklega sigursæl á síðasta ári. Nýlega var hún valin í A-landsliðið í frjálsum íþróttum fyrir árið 2001.

Karen Sif er á leið á æfingu í Kaplakrika þegar ég næ tali af henni. „En aðalþjálfari minn gegnum árin hefur verið Ingi Rúnar Kristinsson í Breiðabliki, hann á stóran þátt í þeim árangri sem ég er búin að ná.“ Karen Sif kveðst æfa tvo til þrjá tíma á dag en oftast taka einn frídag í viku. „Ég ætti að vera löngu farin til Danmerkur þar sem ég hef æft í allt haust en ákvað að fresta því aðeins út af COVID-ástandinu. Ég er öruggari hér,“ segir hún og kveðst hafa verið í Óðinsvéum frá september fram að jólum, vegna náms í sjúkraþjálfun. „Skólinn er í tölvunni þannig að ég get lært hvar sem er,“ segir hún og bætir við: „En ég hef mjög góða aðstöðu í Óðinsvéum fyrir æfingarnar.“

Fleiri voru heiðraðir

Flokkur ársins 2020 í Kópavogi var kjörinn meistaraflokkur Breiðabliks í knattspyrnu kvenna en liðið varð Íslandsmeistari í knattspyrnu á árinu.

Einnig voru veittar viðurkenningar fyrir þátttöku í alþjóðlegum meistaramótum og heiðursviðurkenningar íþróttaráðs.

Þess má geta að íþróttahátíðin í Kópavogi í ár var með óhefðbundnu sniði vegna samkomutakmarkana, án gesta og þrískipt.

Ég held það sé almennt draumur frjálsíþróttamanna að komast á Ólympíuleika.

Arnar

Stefnir á Ólympíuleikana

Arnar er hlaupagikkur mikill og er í A-liði Íslands í frjálsum. Hann vann sex Íslandsmeistaratitla á nýliðnu ári, bæði í götuhlaupum og langhlaupum á braut. Hefur verið einn besti maraþonhlaupari landsins undanfarin ár og stefnir ótrauður á ólympíulágmark í þeirri grein fyrir leikana í Tókýó í sumar.

„Ég vil ná eins miklum árangri og mögulegt er,“ segir hann. „Ég held það sé almennt draumur frjálsíþróttamanna að komast á Ólympíuleika.“ Segir þó leiðina hafa verið gerða ansi torsótta og síðasta ár hafi verið hálfgerð rússíbanareið.

Arnar lýsir því að árið 2016 hafi ólympíulágmarkið í maraþoni verið tveir tímar og nítján mínútur. „Árið 2019 kom tilkynning um breytt fyrirkomulag fyrir næstu leika. Þá var farið úr því að vera með ólympíulágmark í 80 manna heimslista, en í maraþoninu 2016 hlupu um 200. Svo var öllum maraþonum aflýst síðasta ár og eins og staðan er núna eru 80 manns búnir að hlaupa á undir 2.11.30. Ef maður ætlar að eiga séns í Tókýó þarf maður að gjöra svo vel og ná því og aðeins betur. Það er erfitt núna.“

Undanfarin ár kveðst Arnar hafa farið til Bandaríkjanna að æfa í 2.500 metra hæð í áfallabúðum, það sé auðvitað ekki í boði nú. „Venjulega hef ég líka verið að æfa í sömu hæð úti í Kenía á þessum árstíma en nú var kippt undan manni fótunum. Svo er lítið um maraþon í Evrópu í vor, þó er ekki búið að blása af Kaupmannahafnarmaraþonið í maí. Þannig að það er mikil óvissa en ég reyni að vera bjartsýnn og jákvæður og gera það besta í stöðunni.“ **gun@frettabladid.is**

ÞETTA GERÐIST: 21. JANÚAR 1989

Spaugstofan fór fyrst í loftið

Grínþátturinn Spaugstofan hóf göngu sína í Sjónvarpinu þennan mánaðardag árið 1989 undir nafninu 89 á stöðinni. Hann gerðist að mestu í lítilli fréttastofu, Stöðinni, og sýndi atburði liðinnar viku í spaugilegu ljósi, gerði óspart grín að stjórnmálamönnum og fleira fólki í framlínunni.

Spaugstofuna skipuðu þeir Karl Ágúst Úlfsson, Pálmi Gestsson, Randver Þorláksson, Sigurður Sigurjónsson og Örn Árnason.

Upphaf Spaugstofunnar má rekja til Áramótaskaupsins 1985 með Karli Ágústi Úlfssyni, Sigurði Sigurjónssyni, Erni Árnasyni, Randveri Þorlákssyni og Ladda. Sami hópur gerði skaupið 1986. Pálmi gekk til liðs við Spaugstofuna 1989 í stað Ladda.

Heimild/Wikipedia

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

ÚTSALAN
Í FULLUM GANGI

20-70% AFSLÁTTUR

Cadence FM
Queen size rúm 153cm
20% afsláttur
Útsöluverð 195.360 kr.
Verð áður 244.200 kr.
Innifalið í verði. Dýna botn og króm fætur

Corinna rúm 160cm
30% afsláttur
Útsöluverð 114.800 kr.
Verð áður 164.000 kr.
Innifalið í verði. Dýna botn og króm fætur

Poppy stök dýna 160cm
70% afsláttur
Útsöluverð 9.552 kr.
Verð áður 31.840 kr.
Stök dýna

Mikið úrval. Gerðu frábær kaup

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan
HEILSURÚM

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Fimmtudagur

Norðan 8-15 í dag og él á norðurhluta landsins, en bjart sunnan heiða. Frost víða 1 til 6 stig, en frostlaust syðst.

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
-1 °C | 8 ↙	-2 °C | 11 ↙	-2 °C | 9 ↓
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
0 °C | 11 ↓	-2 °C | 6 ↘	-9 °C | 10 ↓

Föstudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
-2 °C | 8 ↙	-3 °C | 13 ↙	-2 °C | 8 ↓
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
0 °C | 14 ↓	-2 °C | 15 ↓	-8 °C | 11 ↓

Laugardagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
-1 °C | 8 ↓	-4 °C | 8 ↓	1 °C | 6 ↓
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
0 °C | 13 ↓	-2 °C | 4 ↘	-7 °C | 14 ↓

LÉTT

	4			9				7
5		8		1	7			9
6						8		
7	8		5				3	
3			4		2			
2								
			3		6	9	8	
			9	5				
	5	3		8	1	2	6	

MIÐLUNGS

1		5		2				
2					8		9	
6		8	1		3			
9				5	2	3	1	
	6			3				8
		2			1			
5	1		9	6				2
						4		1
		6			7			

ÞUNG

								1
			7	9				8
		5	3		6			
				5		3	1	9
	8				9	7		
		1	2		3		5	
	3			2			8	
9						4		
1		2	8					6

Krossgáta

LÁRÉTT
1 leikfang
5 nagg
6 átt
8 málaleitun
10 átt
11 boð
12 spilda
13 keppni
15 reiknirit
17 gúbba

LÓÐRÉTT
1 rugla
2 skerða
3 á sjó
4 svipan
7 dvöl
9 dálitlu
12 etja
14 krap
16 íþróttafélag



LÁRÉTT: 1 brúða, 5 ryk, 6 nv, 8 erfindi, 10 na, 11 orð, 12 skák, 13 leik, 15 algrím, 17 gaura.
LÓÐRÉTT: 1 brengla, 2 ryra, 3 út, 4 andra, 7 við-koma, 9 nokkru, 12 sliga, 14 elg, 16 ír.

Skák

Gunnar Björnsson

Vignir Vatnar Stefánsson (2.314) fann snotra vinningsleið gegn Mikaeli Bjarka Heiðarssyni (1.358) á Skákþingi Reykjavíkur.

21...Re2+! 22. Rxe2 Df4+! 0-1. Hvítur er mát í næsta leik. Önnur umferð Skákþings Reykjavíkur fór fram í gærkveldi. Fimm skákmenn eru efstir og jafnir á Tata Steel-mótinu í Wijk aan Zee. Fimmta umferð fer fram í dag.

www.skak.is: Skákþing Reykjavíkur

Svartur á leik

1	3	7	6	9	2	8	4	5
6	8	4	7	1	5	9	2	3
9	5	2	3	4	8	6	7	1
5	2	8	4	6	3	1	9	7
7	4	6	9	5	1	2	3	8
3	9	1	8	2	7	5	6	4
2	6	5	1	3	4	7	8	9
4	7	9	5	8	6	3	1	2
8	1	3	2	7	9	4	5	6

3	4	6	2	1	8	7	5	9
5	7	8	3	9	4	1	2	6
9	1	2	5	6	7	8	3	4
8	6	4	9	7	3	2	1	5
7	5	9	8	2	1	4	6	3
1	2	3	4	5	6	9	7	8
2	8	1	6	4	5	3	9	7
6	3	7	1	8	9	5	4	2
4	9	5	7	3	2	6	8	1

4	9	3	5	1	7	8	2	6
7	1	5	2	8	6	4	3	9
8	2	6	9	3	4	7	1	5
3	4	1	6	2	5	9	7	8
9	5	7	1	4	8	2	6	3
2	6	8	7	9	3	1	5	4
1	3	4	8	6	2	5	9	7
5	8	9	3	7	1	6	4	2
6	7	2	4	5	9	3	8	1

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



BÍLAR

Cxperience-tilraunabíllinn var frumsýndur á bílasýningunni í París árið 2016 en nýr Citroen C5 fær sportlegt útlit sitt að einhverju leyti frá honum.

Fyrstu njósnamyndir af nýjum Citroen C5

Hér má sjá fyrstu njósnamyndir sem náðst hafa af nýjum bíl Citroen sem líklegast tekur við C5 heitinu. Bíllinn er í D-stærðarflokki en verður líkt og nýr C4 með nokkurs konar jepplingslagi til að geta keppt við fleiri flokka, eins og jepplinga, ásamt stærri hlaðbökum og langbökum.

Talsmenn Citroen hafa áður sagt að eitthvað óvenjulegt sé á leiðinni frá þeim og þessar myndir virðast renna stoðum undir þær fullyrðingar. Bíllinn er nettari að framan en flestir jepplingar en líkist meira langbak fyrir aftan framrúðu. Hann verður líka hærri en hefðbundinn fólksbíll eins og sjá má og með stórum felgum. Eins og Citroen hefur sagt sækir hann útlit sitt að hluta til Cxperience-tilraunabílsins sem sýndur var í París árið 2016. Búast má við að bíllinn verði boðinn sem rafbíll og tengiltvinnbíll en hann verður á þróaðri útgáfu EMP2-undirvagnsins, sem er meðal annars undir bílum eins og C5 Aircross og Peugeot 508. Hingað til hefur sá undirvagn aðeins boðið upp á tengiltvinnútgáfur ásamt bensín- og dísilvélum en með næstu kynslóð undirvagnsins er von á 100% rafdrifnum útgáfum, og þá einnig í Peugeot 308 og 3008 til að mynda.

Myndin sýnir að bílinn er með svipuðu formi og nýr C4 sem er minni bíll.

Slökkviliðið á staðnum réð ekki við eldhafið. MYND/TELLERREPORT

Albruni í verðmætu mótorhjólasafni

Mótorhjólasafnið í Hochgurgl við rætur Timmelsjoch-fjallsins í Austurrísku ölpunum brann til grunna aðfaranótt mánudags. Safnið sem var í nýrri viðarbyggingu síðan 2016 var í 2.275 metra hæð og þar innandyra voru 230 verðmæt mótorhjól frá um 100 framleiðendum og auk þess nokkrir verðmætir sportbílar. Mörg mótorhjólanna voru meira en 100 ára gömul og afar verðmæt og sum þeirra jafnvel sjaldgæfar sportúgáfur sem voru í eigu frægra knapa á árum áður. Eldhafið var slíkt að ekkert stóð eftir nema burðarbitar byggingarinnar, og grindur mótorhjólanna, en vélar og fleira bráðnaði í hitanum. Safnið var óskabarn Scheiber-bræðranna Alban og Attila sem ráku skíðalyftur á þessu svæði. Árið 2003 brann meira en helmingur mótorhjóla í stóru safni í Birmingham, en þar tókst að endurgera meira en helming þeirra. Bruninn í Hochgurgl var þó öllu verri og ólíklegt að nokkuð sem var þar inni verði aftur til sýnis.

Nýr EQA-rafbíll frumsýndur á heimsvísu

Nýr Mercedes-Benz EQA rafbíll var heimsfrumsýndur í dag en bíllinn var frumsýndur á öllum mörkuðum í gegnum stafræna miðla.

Mercedes-Benz sýndi hugmyndaútgáfu bílsins í Frankfurt árið 2017 og mikil eftirvænting hefur ríkt eftir komu bílsins enda er hann í stærðarflokki sem nýtur mikilla vinsælda um allan heim. Nýr EQA er hreinn rafbíll með allt að 426 km drægi samkævmt WLTP staðli og engan útblástur. Bíllinn er búinn 66,5 kW rafhlöðu sem skilar honum 190 hestöflum og hröðunin úr kyrrstöðu í hundraðið er rétt rúmar átta sekúndur ef miðað er við EQA 250. Hámarkstog EQA 250 er 375 newtonmetrar. Von er á allt að 285 hestafla útfærslu sem er aðeins 5,5 sekúndur úr kyrrstöðu í hundraðið. EQA kemur fyrst um sinn einungis framdrifinn en verður í boði fjórhjóladrifinn nú strax í sumar.

Hönnun EQA er flott og framsækin og í anda EQ-stefnu þýska lúxusbílaframleiðandans.

EQA er byggður á hinum nýja MFA2 undirvagni frá Mercedes-Benz sem verður einnig notaður í EQB og fleiri rafbílum sem EQ-deild Mercedes-Benz hannar. EQA verður búinn ýmsum búnaði og hönnun sem er í EQC, fyrsta rafsportjeppa Mercedes-Benz. Má þar nefna LED-línu á fram- og afturljósum bílsins og sportlegt grillið að framan. Í innanrýminu er stafrænt stjórnrýmið afar nútímalegt. EQA er búinn MBUX-margmiðlunarkerfinu og háskerpuskjá í breiðtjaldsmælaborði bílsins. Þá er bíllinn í boði með nýju Electric Intelligence leiðsögukerfi. Hægt er að hlaða bílinn allt að 80% á 30 mínútum í hraðhleðslu en það tekur um 5 klukkustundir og 45 mínútur að fullhlaða í venjulegri heimahleðslustöð. Von er á EQA hingað til lands í lok febrúar samkvæmt upplýsingum frá Öskju, umboðsaðila Mercedes-Benz á Íslandi og er sala þegar hafin á bílnum. Verð á EQA er frá 6.790.000 kr.

VÖRUBÍLAR OG VINNUVÉLAR

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um vörubíla og vinnuvélar kemur út föstudaginn 29. janúar nk.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir

Jón Ívar Vilhelmsson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5654/ jonivar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Stjörnubjart og leikandi þyngdarleysi

LEIKHÚS

Geim-mér-ei
★★★½☆

Þjóðleikhúsið í samvinnu við leikhópinn Miðnætti

Leikstjórn: Agnes Wild
Leikarar: Aldís Davíðsdóttir, Nick Candy, Þorleifur Einarsson, Agnes Wild
Leikmyndar-, búninga- og brúðuhönnun: Eva Björg Harðardóttir
Ljósahönnuður: Kjartan Darri Kristjánsson
Tónlist, hljóðmynd og tónlistarflutningur: Sigrún Harðardóttir
Lokamyndband í sýningu: Þorleifur Einarsson

Geim-mér-ei leiðir unga sem aldna áhorfendur um undraveröld, segir leiklistargagnrýnandi Fréttablaðsins, Sigríður Jónsdóttir. MYND/EYÞÓR ÁRNASON

Miðað við ástandið í heiminum þessa dagana er kannski ágæt hugmynd að skjóta sér hreinlega út í geim. Leikhópurinn Miðnætti býður áhorfendum upp á akkúrat þessa þjónustu og í kaupbæti er hægt að lenda í alls konar ævintýrum. Þá eru allra yngstu áhorfendurnir boðnir sérstaklega velkomnir með fallegri kynningu þar sem þeim er vinalega gerð grein fyrir því að þó ljósin slökkni þá muni kvikna á þeim aftur. Góð áminning fyrir alla.

Ferðafélagi okkar er litla stúlkan Vala, sem dreymir um að fljúga á meðal stjarnanna og fær óvænt tækifæri til þess þegar geimskip brotlendir í bakgarðinum hennar. Miðnætti notast að þessu sinni við japönsku Bunraku-hefðina, þó með frjálsri aðferð. Brúðunum er stjórnað af mörgum leikurum í einu sem krefst natni og nákvæmni. Þessi tækni er mest áberandi hjá aðalpersónunni Völu sem valhoppar heima hjá sér, stjórnar geimfari og svífur um himingeiminn. Stundum þurfa leikararnir þó að gæta sín, því um leið og aginn fer úr hreyfingunum þá skolast töfrablærinn til.

Agnes Wild skrifar handritið í samvinnu við leikhópinn og leikstýrir. Sýningin er að mestu án orða, þó með nokkrum undantekningum. Þessari tækni þarf að beita betur til hitta í mark. Endurtekningar eru víða notaðar til að undirstrika orð og hreyfingar, tilvalið til að kenna þeim allra yngstu grunnreglur leikhússins, en stundum verða þær leiðigjarnar. Kjarni sögunnar fjallar um vináttu og snertir á öðrum erfiðari tilfinningamálum. Stefin og innihaldið þarf að þróa betur. Foreldrar Völu virðast til dæmis á skjön við söguna, bæði efnislega og í leikstjórn, en þau eru leikin af Nick Candy og Þorleifi Einarssyni. Margt er þó leyst með ágætum og yfirhöfuð er haldið vel utan um þennan heim.

> ÞYNGDAR- OG ÁHYGGJULEYSIÐ ER HÉR RÍKJANDI OG HÖNNUNIN ER ALGJÖRLEGA FRÁBÆR.

Líkt og eðli Bunraku-brúðuhefðarinnar segir til um, þá eru leikararnir meira í bakgrunninum. Aldís Davíðsdóttir sér um talsetningu Völu og nálgast hana af ljúfmennsku, en líður fyrir fyrrnefndar endurtekningar. Geimveran Fúmm lifnar við með leikandi túlkun Nicks. Þorleifur á einnig mjög smellna spretti og gefur sig allan í raddvinnuna. Einnig má geta þess að lokamyndbandið í sýningunni er hannað af honum og þar tekst einstaklega vel til.

Líkt og í öðrum sýningum Miðnættis er hönnunin til fyrirmyndar. Listakonurnar Eva Björg Harðardóttir og Sigrún Harðardóttir lyfta Geim-mér-ei upp í titrandi himinhvolfið. Eva Björg skapar leikmyndina, búningana og brúðurnar af miklu öryggi og listfengi. Leikmunirnir þjóna mörgum hlutverkum, brúðurnar eru litríkar og leikmyndin geymir leyndar víddir. Tónlistin sem Sigrún semur og flytur á sviðinu er stór hluti af heildarupplifuninni. Tilraunakenndir hljómar og tölvuvædd hljóðfæranotkun einkenna vinnu hennar. Ljósahönnun Kjartans Darra Kristjánssonar er að sama skapi virkilega vel heppnuð, lifandi og spennir út sviðsetninguna. Áhorfendur ferðast út í geim, á ljóshraða, upp, niður og aftur heim.

Geim-mér-ei leiðir unga sem aldna áhorfendur um undraveröld fjarri okkar jarðneska heimi. Þyngdar- og áhyggjuleysið er hér ríkjandi og hönnunin er algjörlega frábær. Leikhópurinn Miðnætti hefur markað sér stöðu sem einn áhugaverðasti leikhópur landsins sem sérhæfir sig í barnasýningum, en allt of oft vantar herslumuninn í handritavinnunni og leikstjórninni. **Sigríður Jónsdóttir**

NIÐURSTAÐA: Tónlist og hönnun hrífa áhorfendur út í geim og aftur heim.

Fuglasöngur og örbylgjuniður á sinfóníutónleikum

TÓNLIST

Sinfóníuhljómsveit Íslands
★★★★½

Verk eftir Schumann og Saariaho

Einleikari: Áshildur Haraldsdóttir
Stjórnandi: Daníel Bjarnason

Eldborg, Hörpu
Fimmtudaginn 14. janúar

Lítill drengur segir við mömmu sína: „Ég ætla að verða flautuleikari þegar ég verð fullorðinn.“ Mamma hans klappar honum á kollinn og segir: „Karlinn minn, þú getur ekki verið bæði.“ Annar brandari hljómar svona: Flautuleikarar verja helmingi af tíma sínum í að stilla flautuna. Hinn helmingurinn fer í að spila falskt.

Nú veit ég ekki með fyrri brandarann, en sá síðari átti pottþétt ekki við um Áshildi Haraldsdóttur flautuleikara, sem lék einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands á fimmtudagskvöldið. Verkið sem hún flutti með hljómsveitinni var konsert eftir Kaiju Saariaho, Aile de Songe. Það þýðir Vængur draumsins, en tónlistin er innblásin af ljóðabók eftir Saint-John Perse, sem fjallar um fugla.

> SINFÓNÍAN FÉLL Í SKUGGANN AF AFBURÐALEIK ÁSHILDAR.

Próflausir fuglar

Segja má um fuglasöng að hann er eina ómstríða tónlistin sem allir eru sammála um að sé falleg. Fuglasöngur fer ekki eftir gamaldags reglum um dúr og moll; fuglarnir eru ekki með framhaldspróf í tónlist. Og samt slá þeir í gegn – ef svo má segja – dag eftir dag.

Flautuleikur Áshildar minnti svo sannarlega á fuglasöng. Satt best að segja var alger unaður að hlusta á hana spila, því hún hefur svo fallegan tón. Hann er tær og munúðarfullur í senn. Leikur hennar á tónleikunum var kraftmikill, en líka blíður og allt þar á milli. Hver einasta hending sagði sögu, var full af merkingu.

Skondin dulúð

Á tímabili var rödd flautunnar ekki nóg, því Áshildur talaði og hrópaði í gegnum flautuna. Tveir ungir menn, sem sátu fyrir framan mig, litu hvor á annan og skelltu upp úr. Þetta var nýstárlegt vissulega, en samt rökrétt á einhvern dularfullan hátt. Tónlist Saariaho einkennist af dulúð; ýmis náttúrufyrirbrigði, eða tákn, eru henni innblástur, en svo fer hún handan við hið áþreifanlega. Konsertinn hér var vissulega úthverfari en margt annað eftir hana; einleikskonsert er jú eins konar samkeppni einleikara og hljómsveitar. Hann hitti samt í mark, alveg yndislega spúkí.

Satt best að segja var alger unaður að hlusta á hana spila, segir Jónas Sen tónlistargagnrýnandi um flautuleik Áshildar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hljómsveitin spilaði vel undir stjórn Daníels Bjarnasonar. Hljómsveitarröddin var mikið til á efri tónum tónstigans, og heildarmyndin minnti helst á örbylgjunið. Alls konar blæbrigði sem ólíkar hljóðfærasamsetningar sköpuðu, voru fallega útfærð og nosturslega mótuð. Útkoman var hástemmd og mögnuð.

Féll í skuggann

Hitt verkið á efnisskránni var sinfónía nr. 4 eftir Schumann. Frumflutningurinn á henni mun hafa misheppnast. Hljómsveitin spilaði illa, og svo féll sinfónían í skuggann af stórstjörnunni Franz Liszt, píanóleikaranum og tónskáldinu. Hann steig niður af himnum til að spila dúett með Clöru, eiginkonu Schumanns, en hún var einnig frægur píanóleikari (og tónskáld). Það var bara ekki hægt að toppa svoleiðis undur.

Á vissan hátt má segja að sama hafi gerst nú. Sinfónían féll í skuggann af afburðaleik Áshildar. Sinfónían var samt sem áður einstaklega glæsileg í meðförum hljómsveitarinnar undir stjórn Daníels. Hamslaus rómantíkin var hrífandi, og tæknileg atriði voru prýðilega útfærð af hljóðfæraleikurunum. Hápunkturinn í lokin var svo flottur að maður fékk gæsahúð. Þetta var snilld.
Jónas Sen

NIÐURSTAÐA: Vandaðir tónleikar með skemmtilegum einleik og dásamlegri tónlist.

ÚTSALA! ÚTSALA!

40% AFSLÁTTUR

Harry Potter og leyniklefinn (myndskreytt)
TILBOÐSVERÐ: 5.999.-
Verð áður: 9.999.-

Ofurhetjan
TILBOÐSVERÐ: 3.999.-
Verð áður: 4.799.-

40% AFSLÁTTUR

Herra Bóbó, Amelía og ættbrókin
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 4.999.-

Hundmann - Taumlaus
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 3.999.-

Nærbuxnavélmennið
TILBOÐSVERÐ: 3.199.-
Verð áður: 4.999.-

40% AFSLÁTTUR

Háspenna, lífshætta á Spáni
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 4.999.-

60% AFSLÁTTUR

Öll með tölu
TILBOÐSVERÐ: 1.599.-
Verð áður: 3.999.-

E.T.
TILBOÐSVERÐ: 2.499.-
Verð áður: 3.499.-



Alls ekki opna þessa bók
TILBOÐSVERÐ: 2.499.-
Verð áður: 2.999.-

40% AFSLÁTTUR

Fíasól
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 4.999.-

40% AFSLÁTTUR

Huldugáttin
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 4.999.-



40% AFSLÁTTUR

Iðunn & afi pönk
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 4.999.-

Framúrskarandi fyrirtæki

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboðsverð gilda til og með 17. febrúar. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

DOMUSNOVA
KYNNIR MEÐ STOLTI
OKKAR KONUR
Í FASTEIGNAVIÐSKIPTUM

Bergþóra Lárusdóttir
Löggiltur Fasteignasali
S: 895 3868
bergthora@domusnova.is

Ingunn Björg Sigurjónsdóttir
Löggiltur Fasteignasali
S: 856 3566
ingunn@domusnova.is

Vilborg Gunnarsdóttir
Löggiltur Fasteignasali
S: 891-8660
vilborg@domusnova.is

Nadia Katrin Banine
Löggiltur Fasteignasali
S: 692 5002
nadia@domusnova.is

Bergrós Hjálmarsdóttir
Löggiltur Fasteignasali
S: 893 9381
bergros@domusnova.is

Guðný Guðmundsdóttir
Löggiltur Fasteignasali
S: 821-6610
gudny@domusnova.is

Þórey Thorlacius
Skrifstofustjóri
thorey@domusnova.is

Kristín Einarsdóttir
Löggiltur Fasteignasali
S: 894-3003
kristin@domusnova.is

LÁTTU FAGKONUR
SELJA ÞÍNA EIGN
DOMUSNOVA
Fasteignasala
HLÍÐASMÁRA 4 KÓPAVOGI - AUSTURVEGI 6 SELFOSSI & STILLHOLTI 16-18 AKRANESI
SÍMI 527 1717 - WWW.DOMUSNOVA.IS

DAGSKRÁ

Fimmtudagur

HRINGBRAUT

20.00 Mannamál Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
20.30 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum. Umsjón Páll Ketilsson. Framleiðandi Víkurfréttir ehf.
21.00 Fréttaþáttur á fimmtudegi 21 er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringaþáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernis með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.
21.30 Sir Arnar Gauti Arnar Gauti snýr aftur á skjáinn með umfangsmikinn lífsstílsþátt sem tekur saman allt sem snýr að heimilum, hönnun, innlitum, matar- og veitingahúsamenningu, arkitektúr og margt, margt fleira.

RÚV SJÓNVARP

09.00 Heimaleikfimi
09.10 Kastljós
09.25 Menningin
09.30 Spaugstofan 2007 - 2008
09.55 Gestir og gjörningar Kaffi list
11.00 Upplýsingafundur Almannavarna
11.35 Heimaleikfimi
11.45 Séra Brown
12.30 Háski í Vöðlavík Seinni hluti.
13.15 Taka tvö Þorsteinn Jónsson
14.00 Grænir fingur 1989-1990
14.20 HM í handbolta Bein útsending frá leik Japan og Argentínu í milliriðli á HM karla í handbolta.
16.10 Fyrir alla muni Stýrið úr Pourqui-pas?
16.45 Tímaflakkarinn - Doktor Who
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Allt um dýrin
18.25 Lars uppvakningur
18.39 Frímó Kexkökukúnst og Eggjabakkabræður.
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Kveikur
20.40 Mamma mín Morra mi Þau elska mæður sínar, en þeim liggur ýmislegt á hjarta sem þau hafa ekki haft orð á fyrr en nú. Norskir þættir frá NRK þar sem fólk ræðir við mæður sínar og fær svör við stórum spurningum.
21.00 Ljósmóðirin Call The Midwife
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Lögregluvaktin Chicago PD
23.05 Sæluríki Lykkeland
23.55 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

08.35 PGA Special. Memorial Week of Show
08.55 PGA Special. FedEx Cares Charity Challenge
11.00 European Tour2021 Bein útsending frá Abu Dhabi HSBC Championship.
13.00 LPGA Tour 2020 Útsending frá CME Group Tour.
16.00 PGA Special. Links to Learning
16.20 PGA Tour. The Cut
17.00 LPGA Tour 2021 Bein útsending frá Diamond Resorts Tournament.
20.00 PGA Tour 2021 Bein útsending frá The American Express.

SJÓNVARP SÍMANS

12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 Man with a Plan
14.25 The Block
15.25 Amazing Hotels. Life Beyond the Lobby
16.30 Family Guy
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 The Kids Are Alright
19.30 Single Parents
20.00 Vinátta
20.30 Þung skref - saga Heru Bjarkar Heimildamynd í tveimur hlutum þar sem fylgst var með bataferli og upprisu söngkonunnar Heru Bjarkar Þórhallsdóttur sem gafst upp á að standa ein í baráttu við offitu og leitaði sér hjálpar.
21.15 Devils
22.05 Fargo
22.55 The Twilight Zone
23.45 The Late Late
00.30 The Good Fight
01.15 The Resident
02.00 Des
02.50 Your Honor
03.50 Cold Courage
04.40 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.03 Hádegið
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegiðeftir fréttir
13.00 Dánarfregnir
13.02 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Á tónsviðinu
15.00 Fréttir
15.03 Flakk
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Hljómboxið
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Mannlegi þátturinn
20.00 Sinfóníutónleikar
21.00 Segðu mér
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

10.05 Wonder
11.55 The Mercy
13.35 20th Century Woman
15.30 Wonder
17.20 The Mercy
19.00 20th Century Woman
21.00 The Shawshank Redemption Allt gengur unga bankastjóranum Andy Dufresne í haginn þar til hann er skyndilega ákærður fyrir morð á eiginkonu sinni og ástmanni hennar.
23.15 They Shall Not Grow Old
00.55 Happy Death Day 2U
02.30 The Shawshank Redemption

STÖÐ 2

08.00 The Goldbergs
08.20 Claws
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Gilmore Girls
10.05 Divorce
10.35 All Rise
11.20 Matarbíll Evu
11.40 Fresh off the Boat
12.00 Veep
12.35 Nágrannar
12.55 Gossip Girl
13.35 Jamie Cooks Italy
14.25 Years and Years
15.25 The Dog house
16.15 Two Weeks to Live
16.35 You're the Worst
17.00 You're the Worst
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.20 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Temptation Island Stórskemmtilegir raunveruleikaþættir þar sem ástin er í aðalhlutverki.
19.50 Masterchef UK
20.55 The Blacklist James Spader er hérna mættur í áttundu þáttaröðinni um hinn magnaða Raymond Reddington eða Red.
21.40 NCIS. New Orleans
22.20 Real Time With Bill Maher
23.15 Briarpatch Magnaðir og snjallir þættir frá 2020 með Rosario Dawson.
00.05 Shameless
00.55 What Happened to Monday
02.55 Divorce
03.20 All Rise
04.05 Veep

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

18.20 Barnaefni
20.00 Friends
20.20 Friends
20.50 Stelpurnar
21.10 Brother vs. Brother
21.55 Steypustöðin
22.30 Nashville
23.15 Friends
23.40 Roswell, New Mexico
00.20 Friends
00.45 Stelpurnar

STÖÐ 2 SPORT

07.20 Haukar - Keflavík Útsending frá leik í Dominos-deild karla.
09.00 Valur - KR
10.40 Dominos Körfuboltakvöld
11.55 Seinni bylgjan - karla Markaþáttur Olís-deildar karla.
13.20 Haukar - Keflavík Útsending frá leik í Dominos-deild kvenna.
15.00 Breiðablik - Skallagrímur
17.00 Dominos Körfuboltakvöld - kvenna
18.05 ÍR - Þór Ak. Bein útsending frá leik í Dominos-deild karla.
20.10 Tindastóll - Valur Bein útsending frá leik í Dominos-deild karla.
22.10 Dominos Tilþrifin 4. umferð
22.55 Dominos Körfuboltakvöld - kvenna
23.40 Haukar - Keflavík

STÖÐ 2 SPORT 2

06.50 NFL Útsending frá leik í NFL.
09.20 Cagliari - AC Milan
11.00 Udinese - Atalanta
12.40 Real Betis - Celta Vigo
14.20 Getafe - Huesca
16.05 Villarreal - Granada
17.50 Valencia - Osasuna Bein útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.
19.55 NFL Gameday Hápunktarnir í NFL deildinni.
20.20 Eibar - Atlético Madrid Bein útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.
22.25 NFL Útsending frá leik í NFL.

ICELANDAIR

Fjölskyldu Bingó

LAUGARDAG 18:55 **- Í BEINNI ÚTSENDINGU**

Stórskemmtilegur þáttur fyrir alla fjölskylduna á Stöð 2 þar sem spilað er bingó undir stjórn Vilhelms Antons Jónssonar. Veglegir vinningar verða í boði fyrir þátttakendur heima í stofu.
Bingóspjöld verður hægt að nálgast á visir.is

+ = **7.990 kr./mán.**
Lægra verð á Stöð 2 & Stöð 2+ saman

Tryggðu þér áskrift í dag á **stod2.is**

Á mörkum hugsjóna og gróðavonar

Góður málstaður, akademískar byggingar og gróðavon eru tromp í 85 ára sögu Happdrættis Háskólans sem **Stefán Pálsson** rekur í bókinni Gleymið ekki að endurnýja.

Stefán Pálsson fyrir framan aðalbyggingu Háskóla Íslands sem HHÍ fjármagnaði og átti að duga í 100 ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fyrsti útdráttur Happdrættis Háskóla Íslands fór fram í Iðnó þann 10. mars árið 1934 að viðstöddu fjölmenni og þar með hófst skrautleg og á köflum taugatrekkjandi saga sem Stefán Pálsson sagnfræðingur hefur tekið saman í bókinni Gleymið ekki að endurnýja – saga Happdrættis Háskóla Íslands.

Háskólahappdrættið hefur allar götur síðan fylgt þjóðinni sem hefur með miðakaupum sínum staðið straum af byggingarkostnaði Háskóla Íslands.

„Þannig að við værum bara ekkert með þennan sama skóla ef ekki væri Happdrættið og ef menn hefðu farið að slást um fjárveitingar frá ríkinu væri skólinn á allt öðrum stað," segir Stefán.

Frá Đ til HHÍ

Saga Happdrættisins er vitaskuld samofin uppbyggingarsögu Háskólans, enda hefur það fjármagnað nánast allar byggingar hans, sem eru orðnar æði margar. Þá hefur Happdrættið í seinni tíð einnig staðið undir viðhaldi, tækjakaupum og öðru slíku.

Stefán rekur ekki aðeins sögu einnar stofnunar, þar sem bókin tekur einnig á ýmsum átökum að tjaldabaki, deilum Íslendinga um happdrættismál og þróun alls konar happdrættisleikja. Þá telur hann víst að þeir sem hafa áhuga á byggingarsögu Reykjavíkur fái nokkuð fyrir sinn snúð í upprifjun á ýmsum byggingaráformum Háskólans sem ekki urðu að veruleika.

Gæfuhjólið snýst með HÍ

„Þegar þetta kemur til Íslands er verið að heimila svona happdrætti um alla Evrópu og þetta er eiginlega alltaf eins," segir Stefán, með vísan til þess að annaðhvort eru happdrættin á vegum ríkisins eða einkaleyfi úthlutað til „einhvers sem er skilgreint sem gott, samfélagslegt málefni sem þarf að sinna".

Og á Íslandi hreppti Háskólinn þann stóra pott. „Hann fær þessa tekjulind," segir Stefán, sem telur það hafa verið gæfu Háskólans að ekki hafi verið farið fyrr af stað með happdrætti hér á landi. „Vegna þess að Landspítalinn klárast 1930 og það er eiginlega alveg ljóst að ef menn hefðu stofnað happdrætti eitthvað fyrr þá hefði Landspítalinn alltaf fengið það."

Það reyndist vænlegt til árangurs í auglýsingum að keyra á óttanum við að missa af þeim stóra.

Stefán segir að þar sem Landspítalinn hafi verið klár hafi næsta verkefni verið að bæta úr húsnæðisvandræðum Háskólans sem hafði frá stofnun 1910 í raun verið rekinn innan veggja Alþingishússins.

Byggt til 100 ára

„Þessi fáránlega húsnæðisekla gengur ekki til lengdar og það er samþykkt að byggja yfir Háskólann, en svo hafa menn enga peninga þannig að 1933 er samþykkt að Háskólinn fái einkaleyfi til að reka peningahappdrætti á Íslandi." Einkaleyfið átti upphaflega að gilda í fimm ár enda hafi það átt að „duga svona nokkurn veginn".

Aðalbygging Háskólans var síðan tekin í notkun 1940. „Peningarnir dugðu nú ekki alveg til en þá var búið að reikna það út miðað við ætlaða fjölgun þjóðarinnar og að álíka margir færu alltaf í nám, að menn þyrftu ekkert að stækka fyrr en eftir 100 ár.

Þetta vatt síðan alltaf upp á sig og menn voru alltaf að uppgötva nýjar og nýjar þarfir og einkaleyfið var framlengt áfram. Fimm ár í senn og alltaf var nú markmiðið að þessu myndi ljúka," segir Stefán og bendir á að ansi mörg ár eru síðan „menn sáu fram á að sennilega myndi nú aldrei koma sá tímapunktur að Háskólinn væri endanlega búinn að byggja yfir sig."

Tromp í vörninni

Þótt flokkahappdrættismiðar eins og HHÍ sló í gegn með fyrir 85 árum þyki merkilega lífseigir hér á landi, hafa þeir gengisfallið hratt andspænis róttækum tækniframförum og eðlislægri þrá mannskepnunnar eftir skyndigróða sem skafmiðar og lottó svara hraðar og betur.

> **ÞANNIG AÐ VIÐ VÆRUM BARA EKKERT MEÐ ÞENNAN SAMA SKÓLA EF EKKI VÆRI HAPPDRÆTTIÐ.**

Stefán segir Háskólahappdrættið í gegnum tíðina fyrst og fremst hafa varist ágangi þeirra sem seildust í sneiðar af happdrættiskökunni með því að benda á hátt vinningshlutfall. „Að af hverjum 100 krónum sem menn kaupa miða fyrir fara 70 krónur aftur í vinninga. Sem er hærra hlutfall en í vel flestum öðrum tegundum happdrætta og blómaskeiðið er að mörgu leyti sjöundi og áttundi áratugurinn þegar Tromp-miðarnir koma."

Tromp-miðarnir voru ekki síst viðbragð við því að ríkið hleypti nýjum aðilum, DAS og SÍBS, að happdrættisrekstri. „Þetta fór rosalega í taugarnar á Happdrættismönnum sem þótti verið að brjóta gegn einkaleyfinu þeirra," segir Stefán og bætir við að Tromp-miðarnir hafi vissulega virkað, þar sem fólk var tilbúið til þess að greiða hærra verð fyrir möguleika á miklu hærri vinningsupphæðum.

Lottóið trompar

Næsta ógn var þó ekki langt undan og Stefán segir að um miðjan 8. áratuginn hafi Happdrættið fengið veður af því utan úr heimi að næsta stóra málið í þessum bransa væri hið svokallaða Lottó, sem HHÍ lét sér úr greipum ganga í ofurtrú á Tromp-miðana.

„Háskólinn hefði sennilega aldrei fengið að sitja einn að því en þeir voru orðnir vörukærir hjá Happdrættinu og missa Lottóið í raunninni til íþróttahreyfingarinnar og Öryrkjabandalagsins."

Framhaldið þekkja flestir. Lottóið sló rækilega í gegn, enda erfitt að trompa beinlínutengt sölunet og útdrátt á besta tíma í sjónvarpinu á laugardagskvöldum.

„Þeir bara töpuðu og þarna byrjaði hnignun sem stóð í 25-30 ár og Happdrættið er eiginlega bara nýbúið að ná viðsnúningi þar sem flokkahappdrættið er ekki að minnka. En þetta er ekki viðlíka sama batteríið og það var."

Gullnáman

HHÍ tókst þó að milda höggið með Happaþrennunni og Gullnámunni. „Happaþrennan kemur til sögunnar og skafmiðatímabilið hefst, þar sem Íslendingar verða Happaþrennuóðir og hún átti nokkur góð ár," segir Stefán og víkur að Gullnámuspilavélunum sem geta gefið Gullpottinn.

„Á sama tíma og tekjurnar af happdrættisrekstrinum eru að dragast saman blæs stúdentafjöldinn í Háskólanum út og hann uppgötvar á hverju ári þörf fyrir nýjar byggingar. Þá er farið út í happdrættisvélarnar sem eru svolítið óhreinu börnin hennar Evu í þessari sögu allri saman," segir Stefán um Gullnámuna, sem fór „dálítið hægt í gang en er náttúrlega búin að vera mjög stór þáttur af rekstrinum í seinni tíð."

Andlegt ofbeldi

Skafmiðlar, happdrættisvélar og lottó hvers konar breyta því þó ekki að enn falla stórir vinningar á miða sem fólk kaupir og endurnýjar hjá HHÍ. „Munurinn er að þetta er ekki sama félagslega athöfnin lengur," segir Stefán og bendir á að þótt nokkrir elstu kúnnanna fari enn til þess að endurnýja gerist það sjálfkrafa á greiðslukortum flestra.

„Svo reiknarðu bara með að fá SMS þegar þú vinnur og þarft ekki einu sinni að tékka þannig að fólk kann ekki lengur númerin sín og það er pínulítil synd," segir Stefán um þá staðreynd að eftir að happdrættisnúmerin viku úr huga fólks hafi forsendur óttastýrðu auglýsingaaðferðarinnar brostið.

„Besta auglýsingaaðferðin, sem mér finnst nú alveg dansa á mörkum þess að vera andlegt ofbeldi, voru einmitt auglýsingarnar með angistarfullum mönnum með textanum: Hann gleymdi að endurnýja.

Þetta er í rauninni djöfullegt. Að selja manni happdrættismiða alltaf áfram með því að auglýsa hversu hræðilegt það yrði ef hann myndi hætta og lesa síðan í blaðinu að númerið hans hefði komið upp. Og hann þar með misst af þeim stóra."

toti@frettabladid.is

POP·SECRET™
PREMIUM MICROWAVE POPCORN
ÚRVALS
ÖRBYLGJUPOPP
LEYNDARMÁLIÐ
ER Í BRAGÐINU

MANNAMÁL
FIMMTUDAGA KL. 20.00

Persónulegur viðtalsáttur þar sem áhugverðir og jafnvel þjóðkunnir Íslendingar segja frá lífi sínu og starfi á opinskáan og hispurslausan hátt. Stjórnandi þáttarins er Sigmundur Ernir Rúnarsson.

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut og hringbraut.is

HRINGBRAUT

Álfheiður Marta vinnur nú að heimildarmynd um lesblindu sem sýnd verður á RÚV. MYND/AXEL SIGURÐARSON

Tökum vináttunni oft sem sjálfsögðum hlut

Álfheiður Marta leikstýrir þáttunum Vinátta. Þeir eru byggðir á hugmynd Kristborgar Bóelar. Álfheiður lærði margt við gerð þáttanna, meðal annars að það er aldrei of seint að eignast vini.

Álfheiður Marta Kjartansdóttir er sjálfstætt starfandi kvikmyndagerðarkona og leikstýrir sjónvarpsseríunni Vinátta sem sýnd er núna á Sjónvarpi Símans öll fimmtudagskvöld. Serían var unnin úr frá hugmynd Kristborgar Bóelar Steindórsdóttur, en þættirnir eru framleiddir af Sagafilm.

„Síðustu ár hef ég unnið við framleiðslu á dagskrárefni og sem leikstjóri hjá Sagafilm, auk þess sem ég hef tekið að mér aðstoðarleikstjórn á leiknu efni. Ég er alltaf dálítið á hlaupum og á það til að taka of mikið að mér, sökum þess hversu spennt ég verð fyrir hugmyndum og ólíkum verkefnum," segir Álfheiður.

Tinna Jóhannsdóttir, sem er yfirframleiðandi þáttanna, hafði áður unnið með Álfheiði við gerð þáttanna Heilabrot og Líf kviknar.

„Bóel kom til Tinnu með hugmyndina að þáttum um vináttu og þaðan fór boltinn að rúlla. Við Bóel settumst yfir þetta hugtak og skoðuðum allar mögulegar nálganir og hliðar þess og smíðuðum handrit. Samstarfið gekk mjög vel og við fengum frábært lítið starfslið með okkur, sem setti mikið hjarta í gerð þáttanna."

Þétt dagskrá í sumar

Hún segir heimsfaraldurinn hafa sett sitt strik í reikninginn við gerð þáttanna.

„Við unnum þættina í rauninni í hálfgerðum hollum, og að mjög miklu leyti í fjarvinnu. Við gátum til að mynda ekki tekið forviðtöl nema í gegnum Zoom og höfðum

> **ÞAÐ ER ALVEG ÓTRÚLEG UMHYGGJA OG ÁST SEM FYLGIR GÓÐRI VINÁTTU OG AÐ SJÁ VIÐMÆLENDUR HREINLEGA ÁTTA SIG Á ÞVÍ Í MIÐJU VIÐTALI VAR MJÖG GEFANDI.**

því ekki hitt meirihluta viðmælenda áður en þeir settust í stólinn. Við vorum hins vegar mjög heppnar að fá glugga í sumar til þess að taka upp vinaviðtölin, en þurftum þá að smala öllum viðmælendum saman með mjög stuttum fyrirvara og dagskráin var ansi þétt. Við tókum hátt í 27 viðtöl yfir tveggja vikna tímabil," segir Álfheiður.

Var margt sem kom þér sjálfri á óvart við gerð þáttanna?

„Það sem kom mér hvað mest á óvart var fjölbreytileiki vinasambandanna sem við tókum fyrir og hvað það er merkilega sjaldan sem við veltum vináttunni fyrir okkur. Ég held að það sé mjög algengt að maður taki vinum sínum sem sjálfsögðum. Við gerum ekki miklar kröfur til vina okkar, sinnum þeim ekkert endilega allt of vel en þeir eru samt alltaf þarna," svarar hún.

Álfheiður segir algengt að ástarsambandið eða fjölskyldan og vinnan sé sett í forgang og vináttan ræktuð þegar tími gefst.

„Það er alveg ótrúleg umhyggja og ást sem fylgir góðri vináttu og að sjá viðmælendur hreinlega átta sig á því í miðju viðtali var mjög gefandi. Það er svo mikilvægt að staldra stundum við og horfa í kringum sig og þakka fyrir það sem maður hefur," bætir hún við.

Aldrei of seint að eignast vini

Hún segir að vinnan við gerð seríunnar hafi fengið hana til að endurskoða margt í eigin lífi.

„Ég fann að mig langaði að styrkja tengslin við vini mína, forgangsraða heilbrigðum samböndum og fann líka sterkt að ég vildi setja mig í samband við gamla vini. COVID gerir manni auðvitað erfitt fyrir við að rækta samböndin sín, en ég reyni að vera dugleg að senda vinkonum mínum og fjölskyldu skilaboð til að láta þau vita að þau skipta mig máli."

Hvað einkennir sterka og góða vináttu?

„Góður vinur er einhvers konar framlenging á manni sjálfum. Manneskja sem tekur manni opnum örmum, hlustar á mann og vill manni það besta. Það þarf ekki alltaf að vera sá sem maður er í mestum samskiptum við eða sá sem manni finnst skemmtilegastur. Manni þarf bara að líða vel eftir að hafa eytt tíma með viðkomandi," segir hún.

Álfheiður segist hafa séð það við gerð þáttanna að það sé aldrei of seint að eignast vini.

„En það krefst hugrekkis. Ég lít mikið upp til eldri viðmælenda okkar í þáttunum og vona að ég verði jafn lífsglöð og kjörkuð og þeir þegar ég eldist."

steingerdur@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ivar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

ÚTSALAN
Í FULLUM GANGI
30-60% AF ÖLLUM VÖRUM

WAGNER ERGOMEDIC 100-3
LISTAVERÐ 229.900 KR.
NÚ **148.900** KR.

HEADPOINT
LISTAVERÐ 93.900 KR.
NÚ **59.900** KR.

BJARG MB
LISTAVERÐ 94.900 KR.
59.900 KR.
KYNNINGARVERÐ

YOU TEAM
LISTAVERÐ 279.900 KR.
NÚ **139.950** KR.
TAKMARKAÐ MAGN

35-50% AF ÖLLUM STÓLUM

CUBE FUNDARSTÓLL MEÐ ÖRMUM
LISTAVERÐ
88.300 KR.
NÚ **52.900** KR.
TIL Á LAGER Í DÖKK- OG LJÓSGRÁU

W70 FUNDARSTÓLL MEÐ DONDOLA
LISTAVERÐ
148.900 KR.
NÚ **74.450** KR.

Útsöluverð gilda ekki af sérpöntunum.

RAMMASAMNINGUR VIÐ
RÍKISKAUP

Hirzlan
SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

www.hirzlan.is

Síðumúla 37. Sími: 564-5040. hirzlan@hirzlan.is.

Verslun opin mán-fim 09:00-18:00, föstudaga 09:00-17:00, laugardaga 12:00-16:00. **Lager opinn** mán-fim 13:00-17:00 og föstudaga 13:00-16:00.

2017 2020 Framúrskarandi fyrirtæki

ÚTSALA 25% AFSLÁTTUR af Nature's Luxury 20% af botni

Nature's **LUXURY**

heilsurúm með classic botni

Frábær heilsudýna með yfirdýnu fyrir enn betri hvíld.

Natures Luxury er frábær heilsudýna með 20 cm háum svæðaskiptum pokagormuum. 5 mismunandi svamplög. Dýnan er millistíf.Natures Luxury er tilvalin á venjulegan botn sem og í stillanleg rúm.

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

Stærð í cm	Fulltverð m/Classic botni og löppum	ÚTSÖLUVERÐ m/ botni og löppum
80x200	105.900 kr.	**80.825 kr.**
90x200	109.900 kr.	**83.925 kr.**
100x200	113.900 kr.	**87.025 kr.**
120x200	119.900 kr.	**91.725 kr.**
140x200	129.900 kr.	**99.425 kr.**
160x200	149.900 kr.	**114.675 kr.**
180x200	169.900 kr.	**129.925 kr.**

Nature's Bedding

ÚTSALA 25% AFSLÁTTUR af Sealy Seattle 20% af botni

Sealy **SEATTLE**

heilsurúm með classic botni

Frá einum stærsta framleiðanda heilsudýna í heimi.

Vönduð og góð, millistíf heilsudýna með pokagormum sem gefa fullkominn stuðning. Hún er svæðaskipt og því mýkri á okkar þyngstu stöðum eins og öxlum og mjöðmum. Náttúrulegt Talalay latexi í bland við mismunandi svamptegundir gefur henni gott loftflæði..

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

Stærð í cm	Fulltverð m/Classic botni og löppum	ÚTSÖLUVERÐ m/ botni og löppum
90x200	109.900 kr.	**83.925 kr.**
120x200	145.900 kr.	**111.225 kr.**
140x200	159.900 kr.	**121.925 kr.**
160x200	174.900 kr.	**133.425 kr.**
180x200	189.900 kr.	**144.925 kr.**
200x200	229.900 kr.	**175.425 kr.**

SEALY

ÚTSALA 15% AFSLÁTTUR

GARDOLO

hornsófi

Flottur hornsófi sem fæst í Dalton áklæði í tveimur litum, koníaksbrúnum og dökkgráum (antrazite). Hægri eða vinstri tunga. Svartir nettir járnfætur. Stærð: 247 x 195 H: 84 cm.

Fullt verð: 219.900 kr.

Aðeins **186.915 kr.**

ÚTSALA 20% AFSLÁTTUR

ROMA

svefnsófi

Vel bólstraður og mjúkur click-clack svefnsófi í sterku áklæði sem fæst í 5 mildum, fallegum litum. Hægt er að lyfta höfða- eða fótahluta. Bak er tvískipt; hægt er að leggja annan eða báða hluta niður. Hæð sófa í svefnstöðu er 50 cm og svefnpláss er 120x200 cm.

Fullt verð: 99.900 kr.

Aðeins **79.920 kr.**

SEALY

BOSTON

heilsurúm

Dýna, botn, fætur og gafl

Boston City heilsurúmin frá Sealy fást í tveimur stærðum; 160x200 og 180x200 cm. Þau koma í tveimur gráum tónum af Viva áklæði, dökkum og ljósum. Botn, dýna og gafl eru klædd sama áklæði sem gefur rúminu glæsilegt útlit. Dýnan er svæðaskipt pokagormadýna. Efst er mjúk og þægileg yfirdýna sem styður vel við líkama þinn. Botninn er með gormum (Boxspring) sem gefur viðbótarfjöðrun.

Boston 160 x 200 cm
Fullt verð: 279.900 kr.

ÚTSÖLU AFSLÁTTUR 90.000 krónur

Aðeins **189.900 kr.**

Boston 180 x 200 cm
Fullt verð: 299.900 kr.

ÚTSÖLU AFSLÁTTUR 100.000 krónur

199.900 kr.

ÚTSALA 30% AFSLÁTTUR

BOSTON CITY

stillanlegt heilsurúm

Dýna, botn, fætur og gafl

SEALY

Boston City fást í tveimur stærðum; 160x200 og 180x200 cm. Botn, dýna og gafl eru klædd sama dökk- eða ljósgráa, slitsterka áklæðinu sem gefur rúminu glæsilegt útlit. Dýnan er svæðaskipt pokagormadýna. Efst er mjúk og þægileg yfirdýna sem styður vel við líkama þinn. Botninn er með gormum (Boxspring) sem gefur viðbótarfjöðrun. Rúminu fylgir þráðlaus fjarstýring þar sem þú getur stillt rúmið í þá stöðu sem þér hentar hverju sinni.

Boston City 160 x 200 cm stillanlegt
Fullt verð: 479.900 kr.

Aðeins **335.930 kr.**

Boston City 180 x 200 cm stillanlegt
Fullt verð: 499.900 kr.

349.930 kr.

Afgreiðslutími Rvk
Mán. til fös. kl. 11-18
Laugard. kl. 11-17
Sunnud. kl. 13-17 (Smárat.)

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

Upplýsingareru birtar með fyrirvara um prentvillur.

DORMA

Láttu drauminn rætast

Ótrúleg útsala í fjórum búðum og á dorma.is

Smárato[illegible]ltagörðum | Akureyri | Ísafirði

Janúar útsala

ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

Aðeins **8.720 kr.**

Allar **ZONE** vörur

Allar **Affari** vörur

Allar **Bolze** vörur

DORMA

Láttu drauminn rætast

FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000 **RITSTJÓRN** ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Torg ehf. **DREIFING** Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

BAKÞANKAR

Kolbeins Marteinssonar

Komdu fagnandi

2020 má fara í fúlan pytt fortíðar. Þrátt fyrir hófsamar væntingar var þetta ár ekki gott. Það var ekkert hryllingsár fyrir mig persónulega heldur var það aðallega bara leiðinlegt. Ég hef því miklar væntingar til ársins 2021 en þar leynist ýmislegt sem við getum glaðst yfir eða hlakkað til. Þegar þú lest þetta er Donald Trump orðinn valdalaus með öllu og vonandi ekki annað en slæm minning. Svona eins og slæm veikindi sem við hugsum til með hryllingi. Verði ákæra gegn honum staðfest getur hann aldrei boðið sig aftur fram.

Mestu vonbrigði síðasta árs var Eurovisionkeppnin sem blásin var af. Keppni sem við áttum að vinna. Okkar tími kemur þó samt í vor þegar langi maðurinn með síða hárið krúttar yfir sig og heimurinn mun falla í dá. Íslenska þjóðin fær loks að takast á við kvíðann sem hefur hrjáð hana síðan Gleðibankinn vann ekki árið 1986. Hvar eigum við að halda keppnina? Svo getum við vonandi fljótlega aftur farið að upplifa það að setjast inn í bíl kl. ca. 3.45 með tóman maga og volgan kaffibolla á leið til Keflavíkur. Ósofin í flug, sem vegna séríslenskra aðstæðna fer í loftið allt of snemma. Slíkt fyllir mann strax tilhlökkun.

Að endingu kynnti heilbrigðisráðherra á dögunum áform um að lögum verði breytt í þá átt að við skilgreinum fíkniefnaeytendur sem sjúklinga en ekki glæpamenn og líkur þá vonandi ömurlegu stríði gegn fárveiku fólki. Það væri mikið fagnaðarefni ef þessi áform verða samþykkt með lagasetningu á vorþingi 2021. Vonandi verður samt árið 2021 þekktast fyrir það að hafa komið þessari veiru frá rétt eins og fyrrverandi Ameríkuforseta. Það væri nokkuð vel af sér vikið.

Tilboðsverð

Trésög

Einföld BYKO trésög sem er 550mm á lengd.

1.018

70210023

Almennt verð: 1.455

-30%

Einhell

Tilboðsverð

Rafhlöðuborvél

TE-CD 18V
2x1,5 rafhlöður fylgja.

17.397

74826002

Almennt verð: 28.995

-40%

BOSCH

Tilboðsverð

Höggborvél

PSB 700-2RE.

14.977

74860700

Almennt verð: 21.395

-30%

Tilboðsverð

Bjórglös

370ml, 4 saman í pakka.

1.436

41122724

Almennt verð: 1.795

-20%

DOMO

Tilboðsverð

Ryksuguvélmenni

Sjálfvirkt ryksuguvélmenni með 9 skynjara. Tekur allt að 90 mínútur að hlaðast. Hægt að stilla þrif viku fram í tímann. Ryksugan tekur allt að hálfan líter af ryki og er auðvelt að hreinsa.

31.996

65740141

Almennt verð: 39.995

-20%

Tilboðsverð

Geislahitari

á fæti, IPX4.
650/1300/2000 wött.
Líftími peru er um 3000 klst.

6.997

50611037

Almennt verð: 9.995

-30%

Tilboðsverð

Úðari

Fogger one+. Rafhlaða og hleðslutæki fylgja ekki. Tilvalið til notkunar með sótthreinsiefnum, hreinsilausnum, illgresiseyðum, skordýraeitri og sveppaeyðandi efnum.

27.997

7133004912

Almennt verð: 39.995

-30%